

Telur Arnfríði vanhæfa til að dæma sín mál

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður telur Arnfríði Einarasdóttur dómara bresta hæfi til að leggja dóm á mál skjólstæðinga hans í Landsrétti, vegna persónulegrar afstöðu hennar í hans garð. Hann krefst þess að hún víki sæti í tveimur málum.

DÓMSMÁL Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður krefst þess að Arnfríður Einarasdóttir landsréttardómari víki sæti í tveimur málum sem biða meðferðar í Landsrétti. Um er að ræða mál Oddnýjar Arnarsdóttur og Hildar Lilliendahl sem dæmdar voru í héraði til að greiða tveimur skjólstæðingum Vilhjálms bætur vegna ummæla sem þær létu falla um þá haustið 2015 í svokölluðu Hliðamáli. Málunum var áfrýjað til Landsréttar síðastliðið haust og var úthlutað til dómara 29. júní, en þó þannig að ekki var upplýst hver þriðji dómariinn yrði í málinu. Þann 13. júlí var Vilhjálmur tilkynnt að Arnfríður yrði þriðji dómari málsins, en hún var þá nýskipuð dómari við réttinn í annað sinn. Vísað er til Landsréttarmálsins í kröfu Vilhjálms, en hann er lögmaður Guðmundar Andra Ástráðssonar, stefnanda málsins. Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu, MDE, sem kveðinn var upp í mars í fyrra, var komist að þeirri niðurstöðu Arnfríður væri ekki lögmætur handhafi dómvalds þar sem skipun hennar hafi ekki uppfyllt skilyrði Mannréttindasáttmálans um réttláta málsmeðferð fyrir óvilhöllum og sjálfstæðum dómstól. Arnfríður tók ekki þátt í dómstörfum við réttinn eftir að dómur MDE var kveðinn upp, en hún sótti um lausa stöðu við réttinn fyrr á



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður

þessu ári þrátt fyrir að eiga þegar sæti í réttinum. Henni var svo formlega veitt lausn frá embætti, í aðdraganda nýrrar skipunar hennar við réttinn 1. júlí síðastliðinn. Í kröfu Vilhjálms til Landsréttar segir meðal annars: „Afstaða Arnfríðar til mín persónulega vegna þessara lögmannsstarfa minna í þágu umbjóðanda míns, Guðmundar Andra Ástráðssonar, er að mínu mati ekkert leyndarmál enda hefur hún ekki farið leynt með þá skoðun sína og viðrað hana víða. Það sama á við um eiginmann Arnfríðar, Brynjar Nielsson.“ Af þessu leiði að Arnfríði bresti hæfi til að taka sæti í framangreindum málum enda eigi stefnendur málsins, skjólstæðingar Vilhjálms, „skýlausan og ótvíræðan rétt á því að málin fái réttláta málsmeðferð fyrir sjálfstæðum og óhlutdrægum dómstól“. Málflutningur um kröfu Vilhjálms fer fram í Landsrétti 28. september. Dómararnir þrír munu svo taka kröfuna til meðferðar og úrskurða um hana. – áá


Veiti stuðning í forvarnaskyni

FÉLAGSMÁL Ungu fólki sem þarf fjárhagsaðstoð fjölgar mikið. Samstaða er innan borgarstjórnar um að koma í veg fyrir heimilisleysi þessa hóps. Forvarnir felist í að sleppa ekki af þeim hendinni við átján ára aldur. „Við sjáum að ungu fólki sem þarf fjárhagsaðstoð til framfærslu er að fjölga mikið. Atvinnuleysi hefur einnig verið að aukast. Það getur haft slæm áhrif á heilsu ungs fólks ef það er ekki í virkni eða einangrast félagslega og það þarf sérstaklega að huga þar að börnum sem hafa



Heiða Björg Hilmisdóttir

fengið mikla þjónustu eða verið á forræði barnaverndar,“ segir Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Lögð verður áhersla á það í haust að útfæra úrræði fyrir ungt fólk í vanda. – ab / sjá síðu 6



A-landslið karla hefur hafið undirbúning sinn fyrir leikinn við England í A-deild þjóðadeildar Knattspyrnusambands Evrópu. Leikurinn verður á Laugardalsvelli á laugardaginn kemur. Æfingar hafa farið fram undanfarna daga og fylgir sögunni að völlurinn sé í góðu standi til knattspyrnuíðkunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


...FYRIR

FERMINGARBÖRN

Á ÖLLUM ALDRI

ELKO

Veður



Snýst í norðan og norðvestan 10-18 með rigningu N- og A-lands, en þurrt SV-til. Búast má við stormi og vaxandi úrkomu NA-til með slyddu eða snjókomu til fjalla. Hiti 5 til 14 stig. **SJÁ SÍÐU 20**



Margir hafa orðið varir við óum-beðnar flugeldasýningar í ár.

Sýningum lokið þegar lögregla kemur á staðinn

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki upplýsingar um fjölda útkalla af völdum flugelda á þessu ári. Nokkuð hefur borið á kvörtunum íbúa víða á höfuðborgarsvæðinu um að flugeldum sé skotið upp. Nýverið hlaut maður á sextugsaldri alvarlega áverka á vinstri handlegg eftir að hafa fundið ósprungna tivolíbombu í Heiðmörk.

» Maður slasaðist alvarlega á vinstri handlegg eftir að hafa fundið ósprungna bombu í Heiðmörk.

Í svari lögreglunnar við fyrirspurn Fréttablaðsins er ónæði vegna flugelda ekki sist á tímabilinu 28. desember til 6. janúar, þegar almenn notkun þeirra er leyfð samkvæmt skilyrðum. Er þá um að ræða tilkynningar sem berast eftir kl. 22. Ekki verður séð að ónæði vegna flugelda sé meira í einu hverfi en öðrum, þó að upplýsingarnar liggi ekki fyrir. Þá er flugeldasýningum oftast en ekki lokið þegar lögreglan bregst við útkalli og þeir sem að henni stöðu farnir af staðnum þegar komið er á staðinn. – ab

Barist um bitann



Lifsbaráttan við Tjörnina í Reykjavík getur verið hörð. Þegar gömsætur brauðbiti er annars vegar gildir að vera snar í snúningum og steypa sér úr hæð að vatnsborðinu og hremma bitann fyrir framan gogginn á hinum sem hagar fara. Í þetta sinn urðu svanirnir að lúta í lægra haldi og hafa sennilega bölvað í hljóði og heitið því að láta þetta ekki koma fyrir aftur. Dagur kemur eftir þennan dag með öðrum brauðbitum. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Skjálftavirkni á Reykjanesi eykst

JARDSKJÁLFTAR Tæplega 2.900 jarðskjálftar mældust með sjálfvirkum mælakerfi Veðurstofu Íslands í síðustu viku, það eru mun fleiri skjálftar en mældust í vikunni á undan, þegar um 1.300 skjálftar mældust.

» Mikil skjálftavirkni hefur verið á Reykjanes-skaga undanfarið.

Stærsti skjálfti síðustu viku varð laugardaginn 26. ágúst klukkan 16.15 við Fagradalsfjall og var hann 4,2 að stærð. Hann fannst víða á Suðvesturhluta landsins. Mikil skjálftavirkni hefur verið á Reykjanes-skaga og mældust þar yfir 2.100 skjálftar í síðustu viku. Það sama má segja um Norðurland, en þar mældust yfir 500 skjálftar. Þá mældust tveir skjálftar í Grímsvötnum. – bdj

Vilja snjóflóðasetur í pakkhúsi á Flateyri

Stefnt er að því að koma á fót snjóflóðasetri á Flateyri. Að minnsta kosti 37 manns hafa farist í flóðum í Önundarfirði og það mannskæðasta var árið 1995. Forsvarsmaður segir að flóðin í janúar hafi vakið fólk til vitundar á ný.

VESTFIRÐIR Hópur fólks á Flateyri vinnur nú að því að koma á fót snjóflóðasetri og hefur bæjarráð Ísafjarðarbæjar tekið jákvætt í verkefnið. Hefur verið óskað eftir afnotum á Svarta pakkhúsinu í þorpinu og færi þar fram fræðsla um snjóflóðavána með lifandi hætti, svo sem sýndarveruleika.

„Hvort sem okkur líkar það betur eða verr er Flateyri snjóflóðapörp Íslands. Þorpið og Önundarfjörðurinn allur hefur farið illa út úr snjóflóðum í gegnum aldirnar,“ segir Eypór Jóvinsson bóksali sem fer fyrir hópnum.

Á setrinu færu fram fræðsla og forvarnir á þessu sviði, til dæmis fyrir skiðafólk. En Eypór segir að viðbúið sé að fleiri snjóflóðaslys geti orðið á komandi árum í ljósi aukinna vinsælda íþróttarinnar. Þá yrði einnig saga snjóflóða sögð, bæði þeirra sem fallið hafa á Flateyri og Íslandi öllu.

„Snjóflóð eru mannskæðustu náttúruhamfarir Íslands en samt er enginn staður þar sem hægt er að fræðast um þau með þessum hætti,“ segir Eypór. Hann hafi þó undanfarið boðið fólki upp á svokallaðar snjóflóðagöngur. „Sem betur fer er þetta mjög fjarlægt flestum og erfitt fyrir þann sem ekki hefur séð þetta að ímynda sér hvernig það er. Þegar aðkomufólk kemur í bókabúðina eru snjóflóð yfirleitt það fyrsta sem ber á góma.“

Mörgum er enn í fersku minni snjóflóðið sem féll á Flateyri aðfaranótt fimmtudagsins 26. október árið 1995. Fórust þar 20 manns og var flóðið eitt af þeim mannskæðari í Íslandssögunni. Alls eru til ritaðar heimildir um 37 dauðsföll



Snjóflóðið í janúar vakti fólk aftur til vitundar. MYND/HAUKUR SIGURÐSSON

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr er Flateyri snjóflóðapörp Íslands.

Eypór Jóvinsson, bóksali



í Önundarfirði síðan árið 1628. Þá er ótalið það eignatjón sem orðið hefur í flóðum, bæði stórum og smáum.

Eftir flóðin á Flateyri og í Súðavík árið 1995 var ráðist í uppbyggingu snjóflóðagarða víða um land. Hafa um 40 flóð fallið á garðana síðan þá en flest lítill. Í janúar féllu flóð á varnargarðana á Flateyri, fóru á tveimur stöðum yfir þá og minnstu munaði að mannskaði yrði. Eypór segir að fólk hafi eftir þetta á ný

vaknað til vitundar um vána. „Fólk vaknaði upp við vöndan draum. Stjórnmalamenn, sérfræðingar og aðrir voru orðnir sverlitið værukærir af því að það hafa fallið svo litill snjóflóð á undanförunum árum. Allt í einu var hætt að byggja snjóflóðavarnir og peningurinn sem safnaðist í sjóði ekki nýttur,“ segir Eypór. „Ætlunin með setrinu er að minnast þess liðna og halda uppi umræðum um hvernig megi koma í veg fyrir sams konar hamfarir í framtíðinni.“

Eypór sér fyrir sér að upplifunin fyrir gesti á setrinu yrði persónuleg frekar en að ganga í gegnum sal og lesa af skiltum. Gestir verði fræddir maður á mann og einnig verður settur upp sýndarveruleikaheimur þar sem hægt er að ganga um Flateyri eins og þorpið var fyrir snjóflóðið 1995. Húsnæðismálin eigi þó eftir að klárast áður en hönnun sýningarinnar eigi sér stað. kristinnhaukur@frettabladid.is

GÓLFEFNA

ÚTSALA 30-70% AFSLÁTTUR*

Þúsundir fermetra af flísum, harðparketi o.fl.

*Gildir frá verðlistaverði

Skútuvoði 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



HÚSASMIÐJAN

FYRIR
ÞIG

20%
afsláttur
af allri LADY innimálningu

Tilboðs
veisla



Tilboðsveisla

LADY innimálning -20% • Flísar -25% • Parket -25-30% • Háprýstidælur (Nílfisk) -20%
Bað- og vegggljós -20% • Hillurekkar (Avasco) -20% • Pottaplöntur -20-50% • Sláttuvélar -30%
Berlinger Haus (Búsáhöld) -25-30% • Borðbúnaður (Tognana) -25-30% ... og margt fleira



15%

damixa™

15.290 kr

17.990 kr

Eldhúsblöndunartæki
Pine, há sveifla. 8000032



Sjáðu
verðið!

AEG

79.990 kr

89.990 kr

Þvottavél AEG. L6FBI48S
Magn af þvotti mest 8 kg, 1400 snúninga,
A+++ orkuflökkur. 1860502



22%

NEO
TOOLS

13.995 kr

17.995 kr

Verkfæravagn

NEO. 84-229, þrjár hillur á hjólum, stærð:
630x390x810 mm, hver hilla ber 120 kg,
hjól 4x1", bremsa á tveimur. 5024490



Sjáðu
verðið!

LAUFEN+

12.990 kr

14.845 kr

Veggskál

Laufen Pro-N, seta seld sér. 7920010



26%

BLACK+
DECKER

19.995 kr

26.995 kr

Borvél og herslúvél

Sett með 2 vélum og 2 rafhlöðum, 1.5Ah
(Li-ion), borvél BDCH18, högg. Hersla 40Nm,
hraði 0-360/1400 sn./mín., hersluskúfuvél
BDCIM18N, hersla 155Nm, hraði
0-3000 sn./mín., 1/4", patróna
fyrir bita, mjúkt grip. 5246080

Nýtt blað
er komið út
husa.is



Parket í úvali

Græn
vara

ALSAPAN

Furniture, Flooring, Worktops

2.165 kr/m²

2.890 kr/m²

Harðparket

Nature. eik, 8 mm, 4V, AC5-450-5523127. 147422

blómaval

50 ára

1970-2020

Hausterikurnar eru komnar



Tilboð

3 stk.
að eigin vali

1.290 kr

1.797 kr

Eitt stk. 599 kr.

Viðurlaga gegn saksóknara og lögreglu krafist í formlegri kvörtun

LÖGREGLUMÁL Steinbergur Finn-bogason lögmaður hefur sent formlega kvörtun til Héraðssaksóknara vegna starfsaðferða nafngreindra starfsmanna embættisins. Hann krefst þess að umræddir starfsmenn verði látnir sæta áminningum eða öðrum viðurlögum, vegna framferðis þeirra í tengslum við íþyngjandi aðgerðir sem Steinbergur var látinn sæta sem verjandi í fjárvikamáli árið 2016.

Steinbergur var handtekinn við komu í skýrslutöku með skjölstæð-

ingi sínum, sem var grunaður um aðild að umfangsmiklu peningabætti. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald en var sleppt þremur dögum síðar. Í kjölfar handtökuunnar var gerð húsleit á lögmansstofu og heimili Steinbergs og mikið magn skjala afritað og haldlagt. Hann hafði réttarstöðu sakbornings í 19 mánuði, áður en mál gegn honum var fellt niður.

Fyrr í sumar voru Steinbergi dæmdar 1,5 milljónir í miskabætur vegna málsins. Í dóminum er meðal



Steinbergur og Arnar Þór aðalmeðferðina í héraði. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

annars vísað til notkunar handjarna við handtöku sem hafi verið óþarflega meiðandi, brota á trúnaðarskyldu lögmanna í húsleit þar sem haldlögð voru gögn sem óheimilt er að haldleggja. Þá hafi verulegur og óútskýrður dráttur á niðurfellingu máls Steinbergs falið í sér ólögmæta meingerð í hans garð.

Í kvörtun Steinbergs, sem undirrituð er af lögmanni hans, Arnari Þór Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, er sérstaklega kvartað undan Birni Þorvaldssyni sak-

sóknara hjá embættinu og sjö nafngreindum lögreglumönnum. Þess er krafist að þeir verði áminntir eða látnir sæta öðrum viðurlögum, í þeim tilgangi meðal annars að koma í veg fyrir að aðrir verði látnir sæta sambærilegu verklagi í framtíðinni.

Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari staðfestir að kvörtunin hafi borist embættinu og sé til skoðunar.

Fjallað verður um mál Steinbergs á vettvangi Lögmannafélagsins síðar í þessum mánuði. – að



Guðlaugur Þór Þórðarson

Krefja Rússa um skýringar

RÚSSLAND Angela Merkel, kanslari Þýskalands, krafði í gær rússnesk stjórnvöld um skýringar á banatilræði við rússneska stjórnarandstæðinginn Alexei Navalni.

Kom fram í máli Merkel að enginn vafi væri á því að Navalni hefði verið byrjað taugaeitrið Novichok en honum er enn haldið sofandi á spítala í Berlín þangað sem hann var nýlega fluttur frá Síberíu.

Sama eitur var notað í misheppnuðu tilræði rússneskra útsendara við Sergei Skripal og dóttur hans Júlíu fyrir tveimur árum. Skripal var háttsettur leyniþjónustumaður í Rússlandi en lék tveimur skjöldum og starfaði einnig fyrir bresku leyniþjónustuna.

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra Íslands, kvaðst sleginn yfir tíðindunum, í færslu á ensku á Twitter-síðu sinni.

„Óháð, alþjóðleg rannsókn er nauðsynleg. Ég hvet rússnesk stjórnvöld til að vera samvinnuþýð að fullu við að koma réttlæti yfir þá ábyrgu,“ sagði Guðlaugur Þór í færslu sinni. – þþ

LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nafn við mynd á forsiðu blaðsins í gær. Hjólastólayftuna við Bessastaði prófaði formaður Öryrkjabandalags Íslands, Þuríður Harpa Sigurðardóttir. Beðist er velvörðingar á þessum mistökum.

Þurfi að gæta þess að einstök byggðarlög verði ekki afskipt

Samgöngumál, fjármál og atvinnumál eru efst á baugi oddvita framboðslista í nýju sveitarfélagi á Austurlandi. Halda verði á spöðunum gagnvart ríkinu og þrýsta á um samgöngubætur svo sameiningin gangi sem best. Oddvitar eru misvongóðir um að það takist að gera byggðarlögum jafn hátt undir höfði.

AUSTURLAND Frambjóðendur eru komnir í kosningaham í nýju sameinuðu sveitarfélagi á Austurlandi en kosningabaráttan verður með óhefðbundnu sniði. Oddvitar framboðanna segja að vinnustaðahéim-sóknir, fjöldafundir og handabönd verði ekki á döfinni og að baráttan muni að stórum hluta fara fram á hinu stafræna sviði. Kosningarnar áttu að fara fram í apríl en var frestað til laugardagsins 19. september vegna heimsfaraldursins.

Aðspurðir um hvaða mál brenni á íbúunum nefna oddvitarnir helst samgöngumálin, atvinnumálin og fjármálin. En einnig húsnæðismál og skólamál og Vinstri græn leggja sérstaka áherslu á umhverfismál og réttlætismál.

„Við leggjum mikla áherslu á að halda vel á spöðunum í fjármálum og rekstrinum. Hér er verið að ráðast í stóra breytingu á sama tíma og kreppuástand ríður yfir,“ segir Stefán Bogi Sveinsson hjá Framsóknarflokki. Helsta verkefnið sé að viðhalda fjárfestingargetunni, sem var einn helsti tilgangurinn með sameiningunni í upphafi, að sveitarfélagið gæti gert meira.

Eins og víða hafa tekjur minnkað, sérstaklega í Fljótshálsbænum og Seyðisfjarðarkaupstað. „Þetta eru mjög skuldsett sveitarfélög og við leggjum áherslu á að auka tekjurnar,“ segir Þróstur Jónsson, oddviti Miðflokksins. „En ekki með skattlagningu heldur með því að fá fólk og fjárfestingu í meira mælinn á svæðið með öflugri markaðssetningu.“ Verði innviðir að vera til



Atvinnuleysi í nýju sveitarfélagi er mest á Djúpavogi. FRÉTTABLAÐID/PJETUR

staðar og skipulagsmálin á hreinu til að það geti gerst.

Atvinnuleysi fór hæst í 4,4 prósent í apríl og hefur það verið mest á Djúpavogi. „Atvinnuleysi hefur aðeins dregist saman. En við erum með öflugra ferðapjónustu og faraldurinn hefur áhrif alls staðar,“ segir Jódís Skúladóttir, oddviti Vinstri grænna.

Eins og annars staðar hefur hrún orðið í ferðapjónustunni en Gauti Jóhannesson oddviti Sjálfstæðisflokks nefnir laxeldið líka. „Eftirspurn og verð á laxi hriðföll í vor þegar fyrri bylgja faraldursins stóð sem hæst.“ Segir hann mikilvægt að halda ríkinu við uppbyggingu á Egilsstaðaflugvelli, bæði vegna

ferðapjónustunnar og útflutningsins.

Hann nefnir að meiri fjölbreytileika þurfi í atvinnulífið, rétt eins og Hildur Þórisdóttir, oddviti Austurlistans, gerir. „Atvinnulífið er of einhæft hér og við höfum misst töluvert af opinberum störfum. Stjórnvöld boða störf án staðsetningar en við á landsbyggðinni erum ekki að sjá þau,“ segir hún.

Einhugur er um að bæta verði samgöngur til þess að sameiningin gangi sem best. Eru þar nefndar þrjár framkvæmdir, Fjarðarheiðargöng, heilsársveg yfir Öxi og að klára veginn yfir Borgarfjarðarheiði.

Oddvitarnir eru misbjartsýnir

Hér er verið að ráðast í stóra breytingu á sama tíma og kreppuástand ríður yfir.

Stefán Bogi Sveinsson, oddviti Framsóknarflokksins



á að sameiningin gangi snurðulaust fyrir sig. Gauti bendir á að sveitarfélögin hafi þegar samstarf á ýmsum sviðum, svo sem í skólamálum og félagsþjónustu. Hildur segir sameininguna áskorun, en verðugt tækifæri og bæði Stefán og Jódís leggja áherslu á að halda í sérstöðu hvers byggðakjarna. „Raunsætt held ég að það verði ekki mjög auðvelt að sameina svæðin. Þetta eru ólík sveitarfélög og það er vandamt að passa upp á að ekkert þeirra verði út undan,“ segir Þróstur.

Samfara forsetakosningum í júní kusu íbúarnir um nýtt nafn og Múlaþing varð ofan á. En kosningin var ráðgefandi og nýrrar sveitarstjórnar að velja nafn. Bæði Stefán og Gauti telja kosninguna það afgerandi að nafnið verði fyrir valinu, en Hildur segir það ekki öruggt og bendir á að gagnrýni hafi komið á nafnið, meðal annars að Múlaþing sé stundum notað yfir allt Austurland og þá sé rögrógríð tímarit sem beri þetta nafn.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ALVÖRU JEPPAR – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF JEEP® WRANGLER BREYTTIR OG ÓBREYTTIR

jeep.is



JEEP® WRANGLER RUBICON – VERÐ FRÁ: 10.990.000 KR.

• BENSÍN 273 HÓ / DÍSEL 200 HÓ
• 8 GIRA SJÁLFSKIPTING
• ROCK-TRACK® FJÓRHJÓLADRIF

• SELECT-TRAC® MILLIKASSI
• TRU-LOCK® 100% DRIFLÆSINGAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
• AFTENGJANLEG JAFNVÆGISSTÖNG AÐ FRAMAN

• HEAVY DUTY FRAM- OG AFTURHÁSIG
• BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLASTÆÐAÐSTÖÐ

ALLAR BREYTINGAR UNNAR AF BREYTINGARVERKSTÆÐI ÍSBAND

ISBAND

UMBODSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

Viltu hætta að hrjóta?

Skoðaðu Ergosmart snjallrúmið



Ergomotion, stærsti framleiðandi stillanlegra rúma í heimi er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í svefntækni. **Ergomotion** kynnir nú einstakt snjallrúm. **ERGOSMART**, snjallrúm sem mælir svefninn þinn, aðstoðar þið við að ná meiri svefngæðum, hvíld í svefni og hætta að hrjóta.

Sem leiðandi fyrirtæki í svefntækni hefur **Ergomotion** fengið til liðs við sig fjöldan allan af vísindamönnum, háskólum, rannsóknar- og tæknifyrirtækjum um heim allan til þess að próa svefntækni sína á sem fullkomnasta og bestan hátt.



Ergomotion kemur með nútímalausn að aldar gömlu vandamáli! Hvernig á að ná rétttri samsetningu af þægindum, stuðningi og heilsufarslegum ávinningi í svefni. Lausnina kynnir **Ergomotion** í snjallrúminu **ERGOSMART**.

ERGOSMART hefur hlotið verðlaun í tækni- og heilsugeiranum og ber þar hæst verðlaun á CES í Las Vegas.

ERGOSMART snjallrúmið er með innbyggðum skynjurum og mælir hvernig þú hegðar þér í svefni. Rúmið mælir Hjartslátt, Öndun, Djúpsvefn, Hrotur, Hreyfingu, Rem svefn og gefur heildarsvefngæðum einkun.

Til að geta bætt svefn þarf að mæla hann og vita hver svefngæðin eru hverju sinni. Þá aðeins er hægt að vinna í því að auka og bæta svefngæði á hverri nóttu.



App sem mælir og skráir svefngæði
• Hrotur
• Hjartslátt
• Andardrátt
• Hreyfingar
• Aðstoðar þig við að hætta að hrjóta

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Mælum gæði svefnsins
Við þurfum öll 8 tíma svefn



Franco var einræðisherra á Spáni.

Fjölskylda Franco þarf að skila höll

SPÁNN Dómstóll í galísku borginni La Coruna á Spáni hefur komist að þeirri niðurstöðu að fjölskylda einræðisherrans Fransisco Franco þurfi að skila höll í héraðinu aftur til ríkisins.

Höllin, Pazo de Meiras, var reist á árunum 1893-1907 fyrir spænska skáldið Emiliú Pardo Barzon og var byggingin ánöfnuð spænska ríkinu árið 1939. Franco, sem stjórnaði Spáni með harðri hendi frá 1939 til 1975 og fæddist í borginni Ferrol í Galísíu keypti höllina af spænska ríkinu árið 1941 og notaði hana sem sumarleyfisstað á valdatíð sinni.

Fjölskylda Franco hefur átt höllina síðan og var hún meðal annars auglýst til sölu fyrir um 1,4 milljarða króna fyrir nokkru. Niðurstaða dómstólsins var sú að kaup Franco á höllinni á sínum tíma hefðu verið ólögleg og því bæri fjölskyldu hans að skila henni aftur til spænska ríkisins. – **bp**



Býflugur eru til margs nyttsamlegar.

Býflugur nýtast við krabbameini

VÍSINDI Ný áströlsk rannsókn bendir til þess að eitruð vissra býflugna tegunda geti virkað í baráttunni við brjóstakrabbamein.

Niðurstöðurnar voru birtar í vísindatímaritinu Nature og samkvæmt þeim eyðir melittin, virka efnið í eitri býflugna, ekki aðeins krabbameinsfrumum heldur hindrar þær einnig í að fjölga sér.

Auk þess að ráðast gegn krabbameinsfrumunum af krafti þá virðist efnið ekki vera skaðlegt heilbrigðum frumum. Þá er einnig sá möguleiki fyrir hendi að melittin geti hjálpað til við að bæta árangur annarra meðferða við krabbameini með því að skapa veikleika í himnu krabbameinsfrumna. – **bp**

Sá tækifæri felast í draugaskipunum á Ermarsundi

BRETLAND Kórónaveirufaraldurinn hefur skapað usla í ferðaþjónustu um allan heim. Þrátt fyrir það eru sumir klókari en aðrir í að eygja tækifæri og gera sér mat úr þeim. Einn slíkur er frumkvöðullinn Paul Derham, en CNN fjallaði um útsjónarsemi hans á dögunum.

Þannig vill til að fjölmörg gríðarstór skemmtiferðaskip liggja við akkeri á Ermarsundi enda ekki mikil eftirspurn eftir slíkum ferðum nú um stundir. Þar bíða skipin eftir því að ástandið lagist og hafa þau vakið forvitni innfæddra, enda vel greini-



Skip á Ermarsundi liggja þar við stjóra vegna verkefnaleysis. MYND/GETTY

leg frá landi. Derham, sem á að baki tæplega þriggja áratuga starfsferil um borð í slíkum skipum, var fljótur að átta sig og fór að bjóða upp á „draugaskipabátsferðir“ út á sundið. Siglir hann með forvitna ferðamenn eins nálægt skipunum og unnt er og eys í leiðinni úr viskubrunni sínum um skipin og siglingar almennt.

Ferðirnar slógu í gegn og Derham annar ekki eftirspurninni. „Ég er orðlaus yfir athyglinni sem ég hef fengið en líka svolítið stoltur, án þess að það stigi mér til höfuðs,“ segir Derham við CNN. – **bp**

Veiti stuðning í forvarnaskyni

Ungu fólki sem þarf fjárhagsaðstoð fjölgar mikið. Samstaða er innan borgarstjórnar um að koma í veg fyrir heimilisleysi þessa hóps. Forvarnir felist í að sleppa ekki af þeim hendinni við átján ára aldur.

FÉLAGSMÁL „Við sjáum að ungu fólki sem þarf fjárhagsaðstoð til framfærslu er að fjölga mikið. Atvinnuleysi hefur einnig verið að aukast. Það getur haft slæm áhrif á heilsu ungs fólks ef það er ekki í virkni eða einangrast félagslega og það þarf sérstaklega að huga þar að börnum sem hafa fengið mikla þjónustu eða verið á forræði barnaverndar,“ segir Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Lögd verður áhersla á það í haust að útfæra úrræði fyrir ungt fólk í vanda. „Það er forvarnaaðgerð að sleppa ekki af þeim hendinni við 18 ára aldur, það þarf að tryggja þeim húsnæði og framfærslu fram yfir tvítugt,“ segir Heiða Björg.

Frú Ragnheiður, skaðaminnkunarúrræði Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu, leggur áherslu á að koma til móts við þær þarfir jaðarsettra einstaklinga sem ekki er mætt annars staðar. Elisabet Brynjarsdóttir verkefnastjóri segir lagða mikla áherslu á að búa til stuðningskerfi fyrir ungmenni á aldrinum 18 til 25 ára, kynna fyrir þeim réttindi sín og aðstoða við að koma þeim í samskipti við velferðarkerfið.

„Þetta eru oft einstaklingar sem eru að koma úr barnaverndarkerfinu og eru ekki að skila sér inn í gisti- eða neyðarskýlin eða önnur úrræði. Þau eru að redda sér í flóknu kerfi og falla oft á milli. Við erum að reyna að ná til þeirra og byggja upp stuðningsnet þeirra,“ segir Elisabet.

„Það er ekki auðvelt að vera nýorðinn 18 ára, með brotið félagslegt stuðningsnet og kominn aftast á biðlista eftir íbúð. Við erum að reyna að draga úr og lágmarka skaðann. Margir eiga mjög þunga áfallasögu að baki, bæði innan úr kerfinu og öðrum aðstæðum.“

Heiða Björg segir samstöðu innan



Þrengingarnar hjálpa ekki en stefnt að því að koma skjóli yfir alla sem á þurfa að halda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ef ungmenni þurfa að deyfa sig í auknum mæli með vímuefnum þá er spurning hvort íslenskt samfélag sé á réttri leið.

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar



borgarstjórnar um að enginn eigi að búa við heimilisleysi. Virkt samstarf sé milli borgarinnar og Embættis landlæknis í forvarnaaðgerðum. „Það eru vísbendingar um að það sé aukning í vímuefnaneyslu meðal ungmenna. Ef ungmenni þurfa að deyfa sig í auknum mæli með vímuefnum þá er spurning hvort íslenskt samfélag sé á réttri leið.“

Efnahagsþrengingarnar hjálpi ekki til en nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir að heimilisláusum haldi áfram að fjölga og þeir komist í viðeigandi úrræði. Heiða Björg segir að ná þurfi utan um alla, með skaðaminnkandi úrræðum fyrir þá sem eru í neyslu og úrræði til að hjálpa þeim sem eru í bata.

Einnig verða reist smáhýsi í vetur, fyrstu fimm smáhýsin verða tekin í notkun í október og önnur tvö fyrir áramót. „Þetta eru lítil, falleg hús sem ég tel að henti vel fyrir fólk sem er að koma úr heimilisleysi og treystir sér síður til að vera í miklu náðýli við aðra.“

Reykjavíkurborg vísar íbúum annarra sveitarfélaga ekki frá, en hefur sent reikninga fyrir þjónustu til annarra sveitarfélaga. „Mörg þeirra borga, en önnur ekki. Það finnst okkur miður. Það á ekki að vera þannig að útsvarsgreiðendur í Reykjavík eigi að standa straum af kostnaði við þjónustu við heimilisláusa af öllu landinu.“

arib@frettabladid.is

Fleiri teknir undir áhrifum við akstur

LÖGREGLUMÁL 83 prósent fleiri voru tekin fyrir akstur undir áhrifum annarra ávana- og fíkniefna en áfengis fyrstu sjö mánuði þessa árs sé miðað við sama tíma í fyrra. Tilfelli þar sem akstur undir ávana- og fíkniefnum kom við sögu voru 856 talsins frá janúar og út júlí í ár, en 468 þar sem um var að ræða ölvunarakstur.

Samgöngustofa hefur hrint af stað áttatíu Tökum lyf og vímuefni úr umferð (inni), og hafa landsmenn margir rekið augun í auglýsingu átakans á bæði samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum sem inniheldur rauðan blikkandi þríhyrning. Markmiðið með áttatíu er að vekja fólk til vitundar um þá miklu hættu sem stafar af akstri undir áhrifum lyfja og vímuefna og samfélagslega ábyrgð.

Árið 2018 slösuðust 92 einstaklingar vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna og þar af voru



Samgöngustofa stendur nú fyrir átaki gegn akstri undir áhrifum.

sextán alvarlega slasaðir. Á síðasta ári slösuðust 48 einstaklingar við sömu aðstæður og segir í tilkynningu frá Samgöngustofu að fækkun á slíkum tilfellum sé að þakka auknum afskiptum lögreglu af öku mönnum sem grunur er um að séu undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Þó sé hættan af þeim sem aka undir áhrifum slíkra lyfja slík, að ástæða sé til að hrinda af stað átaki sem þessu.

„Lífsbætandi lyf geta orðið lífs-hættuleg sé ekki farið rétt með þau eða ef um ofneyslu er að ræða. Að baki kaldri tölfraði í slysaskýrslum er fólk, aðstandendur og ástvinir sem spyrja sig hvað hefði mátt gera. Mikilvægt er að vekja aðstandendur og neytendur sjálfa til vitundar um þessa hættu. Það er ekki bara líf eða heilsa neytandans og öðrumannsins sem er í húfi. Fórnarlömbin eru fleiri,“ segir einnig í tilkynningunni. – **bdj**

AÐSTANDENDUR 7-13 ÁRA

Hefst miðvikudaginn 9. september klukkan 16:00



10. vikna námskeið fyrir börn og unglinga sem eiga það sameiginlegt að vera aðstandendur krabbameinsgreindra hefst 9. september. Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.



Frekari upplýsingar á www.ljosid.is

LANCÔME
PARIS

La vie
est belle
INTENSÉMENT



**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LANCÔME
VÖRUM DAGANA 3. - 9. SEPTEMBER**

Fallegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru
Lancôme vörur fyrir 8.900 kr eða meira

HAGKAUP
Snyrtivara

MARKAÐURINN

Fleygur í viðnámsþrótti hagkerfisins

Enn er stórt bil milli raungengis á mælikvarða launa og raungengis á mælikvarða verðlags. Getur hamlað viðspyrnu hagkerfisins. Hagfræðingur segir ósjálfbært að launakostnaður fari hækkandi í niðursveiflu. Laun sem hlutfall af landsframleiðslu sögulega há.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Fleygur á milli tveggja mælikvarða raungengis vekur upp spurningar um hvort hagkerfið sé í stakk búið til þess að spyrna við efnahagssamdrætti. Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslandi býst við að bilið á milli raungengis á mælikvarða launa og raungengis á mælikvarða verðlags muni halda áfram að breikka í vetur. Hækkandi launakostnaður í niðursveiflu sé ósjálfbær þróun.

„Til lengri tíma litið er litið svigrúm fyrir mikið frávik á milli verðlags í launakostnaði. Þessi munur sem við höfum séð vaxa endurspeglar gríðarlega mikla kaupmáttaraukningu og vaxandi hlutfall launa af landsframleiðslu,“ segir Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, í samtali við Fréttablaðið.

Raungengi má skilgreina sem hlutfallslega þróun verðlags eða launakostnaðar í heimalandi annars vegar og viðskiptalöndunum hins vegar. Það sýnir annars vegar þróun innlends verðlags í samanburði við þróun þess í viðskiptalöndunum og hins vegar launaþróun hér á landi í samanburði við viðskiptalöndin.

Raungengi á mælikvarða launa er mælikvarði á kaupmátt innlendra launa erlendis, en það er einnig mælikvarði á samkeppnishæfni landa og sýnir hvernig launakostnaður hefur þróast í samanburði við viðskiptalönd, mælt í erlendri mynt.

„Laun á Íslandi eru mjög há í hlutfalli við landsframleiðslu í sögulegu samhengi og við sjáum birtingarmynd þess í því að raungengi á mælikvarða launa hefur hækkað meira en raungengi á mælikvarða verðlags,“ segir Konráð.


Eftir fjármálahrunið héldust þessar stærðir nokkurn veginn í hendur, en árið 2014 byrjaði að myndast frávik þar sem raungengi á mælikvarða launa hækkaði hraðar en á mælikvarða verðlags. Frá árinu 2017 hefur verið heldur breitt bil þarna á milli og hefur það breikkað í ár.

Á fyrsta fjórðungi ársins var innlent vinnuafli tvöfalt dýrara en 2009. Raungengi krónunnar á mælikvarða verðlags var hins vegar



Á fyrsta fjórðungi ársins var innlent vinnuafli tvöfalt dýrara en 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Raungengi krónunnar Grunnár 1991=100



adeins 45 prósentum hærri en 2009 á fyrsta fjórðungi ársins.

„Það er enn kaupmáttaraukning og ég efast um að á næstu misserum verði mikil framleiðniaukning, þó svo að tækniframfarir ýti undir

framleiðni til lengri tíma litið. Það er því ekki líklegt að þetta bil fari minnkandi í bráð,“ segir Konráð. Hann segir áhyggjuefni að þrátt fyrir aðlögun gengisins sé launakostnaður enn í hæstu hæðum.

„Og það vekur upp spurningar um getu hagkerfisins til að komast aftur í gang þegar tækifærið gefst.“

Spurður hvort leiðrétting, þar sem raungengi á mælikvarða launa nálgast aftur raungengi á mæli-

Það er því ekki líklegt að þetta bil fari minnkandi í bráð, sem vekur upp spurningar um getu hagkerfisins til að komast aftur í gang.

Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands



kvarða verðlags, sé óhjákvæmileg, segist Konráð telja að svo sé.

„Það er það sem maður hefur óttast síðustu ár. Hækkun launakostnaðar umfram framleiðniaukningu getur átt sér eðlilegar ástæður og gengið til skamms tíma, en á einhverjum tímamarki fer hækkunin yfir þölmörk,“ segir Konráð.

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins og samgönguráðherra, hefur viðræð þá hugmynd að fresta kjarasamningsbundnum launahækkunum allra launþega á opinberum og almennum markaði um eitt ár á meðan efnahagskerfið nær sér aftur á strik eftir COVID-kreppuna.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður Bandalags háskólamanna, sagði hugmynd ráðherra vanhugs- aða og að hún hefði ekki trú á efnahagslegu gildi hennar.

Spurður um efnahagslegt gildi þess að fresta launahækkunum nefnir Konráð að Ísland sé opið hagkerfi og talsvert hæð utanríkisviðskiptum.

„Það þýðir að hagkerfið þurfi að vera samkeppnishæft og launakostnaður er stór hluti af því. Hann verður að endurspeglar framleiðni og efnahagslegan veruleika,“ segir Konráð. Nauðsynlegt sé að róa að því öllum árum að spyrna við efnahagssamdrætti og samkeppnishæfni útflutningsgreina gegni mikilvægu hlutverki.

„Hins vegar óttast ég að launakostnaður muni áfram fara hækkandi þrátt fyrir niðursveifluna og að fleygurinn muni stækka. Ég leyfi mér að efast um að það sé sjálfbært svo vægt sé til orða tekið,“ bætir hann við.

Landsvirkjun segir að verðhugmyndir Norðurláls séu undir kostnaðarverði

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að raforkuverðið sem forstjóri Norðurláls vill semja um í því augnamiði að fjárfesta fyrir 14 milljarða sé of lágt og „nokkuð undir kostnaðarverði hvort heldur er á Íslandi eða annars staðar í heiminum. En við erum reiðubúin til viðræðna hvenær sem er.“

Gunnar Guðlaugsson, forstjóri Norðurláls, sagði í Markaðnum í gær að álverið væri reiðubúið að ráðast í fjárfestingu fyrir vel á annan tug milljarða, ef það fengist nýr raforkusamningur hjá Landsvirkjun til mögulega allt að tuttugu ára, þar sem kjörin væru sambærileg meðalverði til stóriðjunnar á síðasta ári.

„Samkvæmt ársskýrslu Landsvirkjunar 2019 var meðalverð til stóriðju um 23 dalir á megavattstund,“ sagði Gunnar. „Eitthvað í kringum þá tölu yrði ásættanlegt



Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar. MYND/ADSEND

fyrir Norðurlál. Þó Nord Pool-verðið sé lægra en það í augnablikinu þá værum við reiðubúin að ganga út úr núgildandi samningi við Landsvirkjun [sem gildir til 2023] gegn því að fá nýjan samning til lengri tíma.“

Hörður segir ánægjulegt að sjá hversu bjartsýnn forstjóri Norðurláls sé og að vonandi gangi hugmyndir hans um miklar fjárfestingar eftir. „Mjög jákvætt er þegar

skoðað er að fara í fjölbreyttari og virðisaukandi álframleiðslu. Landsvirkjun er alltaf reiðubúin til samningaviðræðna við viðskiptavini sína. Auðvitað er að mörgu að hyggja í flóknum raforkusamningi, það er ekki eingöngu raforkuverðinu sjálfu, eins og forstjórinn nefnir, heldur líka flutningskostnaði raforkunnar, tímalengd samnings, ýmsum tryggingarákvæðum hans og svo mætti lengi telja. Það verð sem hann nefnir að þeir séu tilbúnir að borga, 23 dalir á megavattstund, er þó of lágt og nokkuð undir kostnaðarverði, hvort heldur er á Íslandi eða annars staðar í heiminum. En við erum reiðubúin til viðræðna hvenær sem er.“

Gunnar sagði að unnið hefði verið að því að auka virði álframleiðslunnar á Grundartanga. „Við höfum horft til þess að fara út í framleiðslu á svokölluðum álboltum.“ – hvj

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímapantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK



ALVÖRU

LÝKUR UM HELGINA!

SUMIARUTSALA

10-50%
afsláttur

Bíla & gluggaþvotta-
kústur, gegn um
rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun

2.097
Áður 2.995 kr.

30%
afsláttur

Sláttuorð Mow
FBC310

21.739
Áður 28.985 kr.

25%
afsláttur

Sláttuorð:
1 cylinder
loftkældur
mótor. 0,7 kW
Rúmtak 31CC,
Stærð bensintanks 0,65 L

Ceravid Hand-
laugarsett 45cm
með blöndunartæki

14.995
Áður 18.890 kr.

20%
afsláttur

BoZZ sturtusett
með hitastýrðum
blöndunartækjum

18.668
Áður 24.890 kr.

25%
afsláttur

Joker 1400W
Ryk-/blautsuga

9.995
Áður 12.995 kr.

23%
afsláttur

Kaliber ferðagagrill

21.735

Áður 28.980 kr.

Kaliber
PREMIUM GRILL

2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm
Grillgrind úr pottstáli
Þrýstijafnari fylgir

25%
afsláttur

3-6 lítra
hnappur

20%
afsláttur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara

34.872
Áður 43.590 kr.

20%
afsláttur

Ríga salerni með setu,
gólf- eða veggstútur

19.916
Áður 24.895 kr.

30%
afsláttur

Guoren-BO Hitastýrt
sturtutæki með niðurstút

9.793
Áður 13.990 kr.

Creative Super Seal 5 litrar

GUOREN

Guoren Sturtusett
með hitastýrðum
blöndunartækjum

28.425
Áður 37.900 kr.

25%
afsláttur

MIKIÐ ÚRVAL
AF PARKETI OG
FLÍSUM MEÐ
20-50%
AFSLÆTTI

Flísar
Gólf- og veggflísar
verð frá 954 kr./m²

Harðparket
8mm verð frá 1.183 kr/m² (AC4)
12mm verð frá 1.868 kr/m² (AC5)

25%
afsláttur



Colorex Sköld þakmálning 9L Stofn A

9.746
Áður 12.995 kr.



Steypugljái
á stéttina
– þessi sem endist

10.192
Áður 11.990 kr.

25 litrar 24.638
Áður 28.985

15%
afsláttur

25%
afsláttur



Ladora premium
tréolia 3L

2.246
Áður 2.995 kr.

25%
afsláttur



Colorex Betopaint
útímálning Stofn A 9L

7.496
Áður 9.995 kr.

30%
afsláttur



Gólfmálning
Grágrænn 3 L

3.777
Áður 5.395 kr.

Wineo vínýl parketi m/áföstu undirlagi

2.994 kr./m²
Áður 4.990 kr.

Ódýrasta vínýlparket
með undirlagi á Íslandi!

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

Fyrirvari um prentvillur.
Tilboðin gilda í öllum verslunum
Múrbúðarinnar. Takmarkað magn af
sumum vörum.

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Hangandi foss er 117 metra hár.

Gimsteinninn í feluleik

Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Öræfajökull er eitt stærsta eldfjall Evrópu en á öskjubarmi hans er að finna þrjá hæstu tinda landsins, Hvannadalshnjúk (2.110 m), Sveinstind (2.044 m) og Snæbreið (2.041 m). Við rætur þessa risaeldfjalls eru annars konar náttúruperlur og nægir þar að nefna gróðurvinina Skaftafell og Fjallsárlón með fljótandi ísjökum sem gefa þeim á Jökulsárlóni lítið eftir. Suðaustur af Öræfajökli er jafnframt eitt fallegasta bæjarstæði á Íslandi, Kvísker í Öræfum, en hvergi í byggð er meiri úrkoma á Íslandi. Þarna bjuggu fram á þessa öld níu Kvískerjasystkini sem stunduðu búskap en fjórir bræðranna voru jafnframt sjálfmenntaðir en virtir náttúrufræðingar. Þeir skildu eftir sig merkilegar lýsingar á náttúru Öræfa; ekki aðeins á skriðjökklum heldur einnig á óvenju litríkri flóru og fuglalífi svæðisins. Í Kvískerjalandi eru mikilfengleg gljúfur sem fáir vita af og enn færri hafa heimsótt. Þeirra helst eru Vattarárgljúfur, Hellisgljúfur og Múlagljúfur en það síðastnefnda var í sérstöku upphaldi Kvískerjabræðra og var þar til nýlega lítt þekkt. Nafnið lætur ekki mikið yfir sér og segja má að Múlagljúfur sé í feluleik þar sem það sést ekki af þjóðveginum og þangað liggur engin merkt ökuleið. Þó er auðvelt að komast að því af ómerktum jeppaslóða um það bil miðja vegu milli Kvískerja og Fjallsárlóns, sunnan Hrutár. Ekið er stuttan spöl með fram ánni að varnargarði þar sem leggja má bílum. Síðan tekur við stórkostleg tæplega 2,5 km ganga upp með gljúfrinu og er hluti leiðarinnar merktur. Þetta er greiðfær gönguleið og flestum fær en fara verður varlega því víða liggur stígurinn nálægt gljúfrinu. Þarna er afar mikilvægt að ganga ekki utan slóða því mosagróðurinn er viðkvæmur. Smám saman dýpkar gljúfrið uns Hangandi foss í Fosslæk blasir við en hann er á meðal hæstu fossa landsins og mældu Kvískerjabræður hann 117 m á hæð. Stuttu síðar sést inn í enda Múlagils þar sem Múlakvísl steypist niður Rótarfjallsgil og kallast neðsti fossinn Múlafoss og er 50 m hár. Þarna lá skriðjökull fram eftir 20. öld en í staðinn blasir nú við þverhnipt jökulstálið ofan við bergvegginn og enn herra tveir tignarlegir tindar, Rótarfjallshnjúkur (1.026 m) og aftar Hellutindur (1.142 m). Þarna hefur Skaparinn átt sérlega góðan dag en grænt gljúfrið með glæsifossum, skriðjökklum og fjallstindum, er einfaldlega stöngin inn.



 **Fókus á hjarta landsins**



Múlagljúfur er gimsteinninn í felum og einn fallegasti staður á Íslandi. MYNDIR/TG



Þokustemning við Múlagljúfur.

Pylsu kartöflu brauð



Nújung!

Nýsköpun í matvælaiðnaði

Núna færðu vinsæla kartöflubrauðið frá Myllunni einnig fyrir pylsurnar

Vinsældir nýja kartöflubrauðsins fyrir hamborgarana kalla einnig á nýtt kartöflubrauð fyrir pylsurnar. Stjörnukokkurinn sagði það töfra að baka þétt og mjúkt brauð af nákvæmni. Smakkaðu nýtt pylsubrauð frá Myllunni.

Stærra, þéttara og mýkra pylsubrauð

Prófaðu í dag nýtt, stærra, þéttara og mýkra pylsukartöflubrauð frá Myllunni – vonandi eina rétta brauðið fyrir þig og pylsuna.



Skannaðu QR kóðan
og lestu um leyndarmálið
bakvið þéttleikann
og mýktina í brauðinu

Skoðaðu myllan.is



Veldu
íslenskt

Nýja kartöflu-
brauðið frá
Myllunni er
einnig komið
fyrir pylsurnar. Smakkaðu
pylsukartöflubrauðið í bláu
umbúðunum í dag.



Alltaf nýbakað
síðan 1959



SKOÐUN

Spurningar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þótt fréttaf lutningur bendi æði oft til annars þá eru jarðarbúar ekki að stráfalla úr COVID, þótt pestin sé vissulega skæð. Tölur yfir það hversu margir hafa látist eru háar, svona einar sér, en þegar þær eru settar í samhengi við fjölda jarðarbúa má velta fyrir sér hvort heimsbyggðin, og þar með fjölmiðlar, hafi hreinlega farið á taugum á síðustu vikum og mánuðum. En sumt má vist ekki tala um og vangaveltur í þessa átt eru síst fallnar til vinsælda nú um stundir.

Hræðslufull viðbrögð við COVID, sem ríkisstjórnir víða um heim hafa ýtt verulega undir, eru ansi yfirspennt. Þau væru eðlileg ef svo vildi til að manneskjan væri ódauðleg. Það er hún ekki, hún er dæmd til að deyja, fyrr eða síðar. Ekki er það nú skemmtilegt, fremur en ýmis önnur lögmál í þessum heimi. Lítið er nú samt við þessu að gera, annað en það að reyna að standa uppréttur og bera sig vel á lífsgöngunni. Svo má reyndar orna sér við vissuna um að sálin sé eilíf, þótt margir harðneiti í einfeltni sinni og hugmynda-skorti að viðurkenna þann möguleika.

Á tímum eins og þessum er mikilvægt að spyrja spurninga en taka ekki boði og bönnum stjórnvalda eins og algjörlega sjálfsgöðum hlut. Það þarf að þráspyrja hvort aðgerðir sem takmarka mannréttindi fólks, valda því stórfelldum fjárhagsskaða og atvinnuhamfarisséu raunverulega nauðsynlegar. Ein mikilvægasta spurningin er hvort ástæða hafi verið til að leggja efnahagskerfi heimsins svo að segja í rúst vegna COVID. Það þarf að spyrja og svörin verða að koma og mega ekki vera: „Af því bara.“

Á reglulegum upplýsingafundum almannaþinganna hér á landi (helgistundin klukkan 14.00 eins og sumir kjósa að kalla þá) spyr fjölmiðlafólk spurninga. Oft hafa þær verið í æsingastílnum: „Á ekki að herða aðgerðir?“ frekar en: „Af hverju er þetta talið svo nauðsynlegt?“

Fréttamenn eru sumir gefnir fyrir hasar. Þeir mega hins vegar ekki gefa sér niðurstöðuna fyrir fram og reyna að skapa hasar til að knýja hana fram. Í nýlegu myndbandi á YouTube sést hversu flatt fréttamenn geta farið á því að gefa sér ákveðna hluti. Þar ræðir fréttamaður við lækni í Madrid og gaf sér í fyrstu spurningu til hans að ástandið á sjúkrahúsinu þar sem hann starfar væri alvarlegt. Fréttamaðurinn og læknirinn virtust alls ekki búa í sama raunveruleika. Læknirinn útskýrði að það væri svo sem ekkert sérstakt að fréttá, starfsfólk væri á vaktinni en neyðarástand ríkti alls ekki, enda fáir sjúklingar á spítalanum. Staðan væri allt önnur nú en hún hefði verið fyrir nokkrum mánuðum. Spurður um bóluþefni við COVID sagði hann að fyrst og fremst þyrfti bóluþefni við þeim ötta sem búið væri að skapa hjá fólki.

Læknirinn, Luis de Benito, hefur slegið í gegn hjá fjölmörgum í þessu myndbandi. Greinilegt var að honum finnst hystera vera orðin of áberandi og hann lætur ekki hvarfla að sér að taka þátt í henni. Það er til fyrirmyndar.



Á tímum eins og þessum er mikilvægt að spyrja spurninga en taka ekki boði og bönnum stjórnvalda eins og algjörlega sjálfsgöðum hlut.

Halldór



Frá degi til dags

Greindin

Forsætisráðherra sagði í fyrra dag að hún myndi vinna að því í vetur að móta stjórn og stefnu stjórnvalda í málefnum gervigreindar. Mikilvægt sé að efla fjölbreyttari stoðir í vísindum og tækni hérlandis í kjölfar faraldursins og gervigreind komi þar við sögu. Gervigreind er allt of útbreidd hér á landi og orðið tímabært að reisa einhverjar skorður við henni. Einkum er það á samfélagsmiðlum sem hennar verður vart. Það er því fullkomlega tímabært að setja málefni gervigreindar í samskiptum milli manna á dagskrá. Sumir hefðu reyndar talið að framar á forgangslistanum væri málefni almennrar greindar en það er reyndar hin hliðin á sama peningi, þegar vel er að gæð.

Borgar og Línar

Alþingi og borgarstjórn hafa samþykkt að reisa bákn í kringum borgarlínuna. Biður nú löng röð af fólki sem vill komast á þá jötu. Fyrstu drög að stjórnarskipan liggja fyrir. Lína Langsokkur verður stjórnarformaður, þar verða einnig ítalska teiknimyndin Línar og Borgar Þór Einarsson. Innan handar verða sérfræðingar frá Línu Neti, Borgar Apóteki og húsgagnaversluninni Línunni. Helsta verkefnið, fyrir utan rekstur, verður að svara öllum sem skrifa greinar með fyrir-sögninni „Borgar línar sig?“.

Bíó Paradís



Hjálmar Sveinsson
formaður menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs

Eitt augnablik er myrkur í salnum, svo koma orðin „Europa Cinemas“ upp á tjaldið á bláum grunni, stafirnir leysast upp og umbreytast í nöfnin á fjölmörgum borgum: Berlín, Varsjá, Helsinki, Ístanbul, Vín, Reykjavík ... Það er að hefjast sýning á þýsku myndinni „Toni Erdman“ sem er einkennilega dapurleg og furduleg og svo myndin að maður tárast. Við erum í Bíó Paradís til heimilis við Hverfisgötu 54 í Reykjavík. Eða kannski er að hefjast pólsk kvikmynda-hátið, frönsk, þýsk, rússnesk. Í næsta sal er verið að sýna kóresku myndina „Parasite“ sem á eftir að vinna fern Óskarsverðlaun.

Stemningin í Bíó Paradís er einstök. Þetta fyrsta fjöl-salabíóhús landsins hefur á síðustu tíu árum orðið eins konar félagsheimili reykviskra kvikmyndaunnenda. Þar á sér líka stað kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga. Hún hefur verið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 10.00 og 13.00. Sýndar eru vandaðar kvikmyndir frá ýmsum þjóðlöndum og klippur úr myndum til að útskýra kvikmyndatökur og tækniþrellur og greina temu og tengsl. Bíó Paradís hefur öðlast sess sem mikilvæg menningarstofnun í Reykjavík.

Bíó Paradís var opnað 15. september fyrir réttum tíu árum. Bíóið er rekið af sjálfseignarstofnuninni „Heimili kvikmyndanna“ sem ýmis fagfélög kvikmyndagerðarfólks standa að. Kvikmyndahúsið er aðili að samstarfsneti evrópskra kvikmyndahúsa, Europa cinemas.

Fyrr á þessu ári þurfti að loka Bíó Paradís tímabundið. Reksturinn gekk ekki upp vegna fyrirhugaðrar mikillar leiguhækkunar. Nú hafa samningar tekist við leigusala. Borgarráð samþykkti viðbótarstuðning við Bíó Paradís 2. júlí síðastliðinn. Sama framlag á að koma frá ríkinu. Og nú hefur menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur samþykkt samstarfssamning um fjárstuðning við Bíó Paradís. Sá samningur og viðbótarsamningurinn er mikilvægur liður í að tryggja áframhaldandi blómlega starfsemi bíóhússins við Hverfisgötu í Reykjavík. Ætlunin er að bíóið opni aftur sali sína á tíu ára afmælinu. Það er sannkallað tilhlökkunarefni. Lengi lifi Bíó Paradís.



Ætlunin er að bíóið opni aftur sali sína á tíu ára afmælinu. Það er sannkallað tilhlökkunarefni.



Gasgrill



Kolagrill



Rafmagns grill



Heitustu grillin!



AF KÖGUNARHÓLI

Siðferðilega óverjandi leikreglur



Þorsteinn Pálsson

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að ríkissjóður ábyrgist lán ríkisbankanna til Icelandair, sem nemur allt að 108 milljónum Bandalagsgjaldanna. Ríkisstjórnin litur svo á að íslenska krónan sé ónothæf í þessu skyni.

Rökin fyrir ábyrgðinni eru tvenns konar: Annars vegar er tilvísun í þjóðhagslegt og kerfislegt mikilvægi fyrirtækisins, en hins vegar í tekjutap vegna heimsfaraldurs.

Raunsætt pólitískt mat

WOW var líka kerfislega mikilvægt og fall þess hafði veruleg efnahagsleg og félagsleg áhrif. Ríkisstjórnin taldi samt ekki ástæðu til að bjarga því og færði fyrir því hagfræðileg rök.

Af röksemdum ríkisstjórnarinnar nú má ráða að heimsfaraldurinn ráði mismunandi afstöðu til björgunar þessara félaga. Það er raunsætt pólitískt mat. Enginn stjórnmalaflokkur virðist andmæla því. Álitamálin snúa fremur að aðferðarfræði og leikreglum.

Fyrir tveimur árum sagði forstjóri Icelandair af sér vegna mistaka í rekstri. Kórónaveirufaraldurinn hefur svo leitt til þess að fjárhagsleg endurreisn er nauðsynleg fyrr en ella hefði orðið.

Helmingur hlutfjár í Icelandair hefur verið félagslegt fjármagn lífeyrissjóða. En ríkisstjórnina virðist skorta skilning á því að henni ber að standa vörð um þann hluta lögbundna velferðarkerfisins rétt eins og hinn hlutann, sem fer um ríkissjóð.

**Sumir fjárfestar í skrufstykki en aðrir ekki**

Hlutfjárútboð í félaginu fer fram þegar lífeyrissjóðirnir einir eru í skrufstykki hafta. Annar sparnaður, eins og einokunargagnaður vegna nýtingar náttúruauðlinda, er hins vegar frjáls.

Vel er hugsanlegt að þátttaka í hlutfjárútboðinu geti skilað arði. Kynning félagsins litur ekki illa út. Fram hjá hinu verður þó ekki litið að áhættan er mjög mikil og hefur ekki verið metin eins og Ríkisendurskoðun bendir á.

En hver er besta leiðsögnin um hlutföllin milli arðsemismöguleika og áhættu? Svarið er einfalt: Áhugi þeirra einkafjárfesta, sem eru frjálsir.

Verði mikil eftirspurn frá frjálsum einkafjárfestum er það vísbending um að áhættan sé eðlileg. Verði hún

af skornum skammti þurfa stjórnir lífeyrissjóðanna aftur á móti miklu sterkari rökstuðning en ella. Að auki yrðu þeir að axla beina ábyrgð á stjórn og rekstri félagsins í framtíðinni.

Með höftunum eru stjórnvöld að þvinga lífeyrisþega til að taka meiri áhættu en aðrir fjárfestar. Þeir eiga fárra annarra kosta vöð. Að þessu leyti eru leikreglurnar siðferðilega óverjandi. Og reyndar einnig þjóðhagslega óhagkvæmar.

Þeir lakast settu taka mesta áhættu

Í reynd er Icelandair félagslegt hlutfélag fremur en einkafyrirtæki. Enginn eðlismunur er á félagslegu fjármagni lífeyrissjóða og ríkissjóðs. Ríkisbankarnir hafa nú ákveðið að sölutryggja hlutfjárútboðið. Þar með verður félag-

id beint ríkisflugfélag að hluta.

Í þessu ljósi og með tilliti til þess að leikreglurnar, sem lífeyrissjóðunum eru settar, eru siðferðilega óverjandi, er spurning hvort ekki væri betra ráð að einfalda málið með beinni aðkomu ríkissjóðs.

Lífeyrissjóðirnir gætu í því falli tekið jákvæða afstöðu með því að lána ríkissjóði til hlutabréfakaupa. Áhættunni yrði þá dreift á alla skattborgara en ekki hluta launafólks eins og stefnir í. Málið er að fari illa er spurningin hvort skerða á lífeyri eða hækka skatta.

Ríkisstjórnin fer í kringum þetta óhjákvæmilega pólitíska val eins og köttur í kringum heitan graut. En að öllu óbreyttu er hún að koma því svo fyrir að þeir lakast settu í samfélaginu taki mesta áhættu í pólitískri endurreisn félagsins.

Afnám mismununar er lágmarkskrafta

Vegna kreppunnar í þjóðarþúskapnum er til mikils að vinna að fjárhagsleg endurreisn Icelandair takist. En umfram allt þurfa stjórnvöld að vanda aðkomu sína að málinu.

Heiðarleg hagstjórn kallar á afnám einhliða hafta á lífeyrissjóði áður en þeir taka ákvörðun um þessa áhættu lífeyrisþega. Sjóðirnir yrðu þá í sömu stöðu og aðrir fjárfestar. Það ætti að vera lágmarkskrafta.

Trúlega er óhjákvæmilegt að krónan sé í höftum, ein allra gjaldmiðla í okkar heimshluta. Þau mega hins vegar ekki byggjast á svo siðferðilega grófri og efnahagslega skaðlegri mismunun.

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6

**RANGE ROVER SPORT SE P400e**

Nýskr. 4/2020, ekinn 4 þús. km, bensín, sjálfskiptur.

Verð 13.690.000 kr.

Rnr. 420473.

**JAGUAR F-PACE R-Sport**

Nýskr. 3/2018, ekinn 27 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 7.780.000 kr.

Rnr. 420475.

**RANGE ROVER Autobiography P400e**

Nýskr. 11/2018, ekinn 30 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð 17.990.000 kr.

Rnr. 420471.

**LAND ROVER Defender 110**

Nýskr. 3/2015, ekinn 101 þús. km, dísil, beinskiptur.

Verð 4.990.000 kr.

Rnr. 146551.

**MINI John Cooper Works**

Nýskr. 6/2018, ekinn 31 þús. km, bensín, sjálfskiptur.

Verð 4.590.000 kr.

Rnr. 147173.

**NISSAN ARMADA Platinum**

Nýskr. 8/2018, ekinn 31 þús. km, bensín, sjálfskiptur.

Verð 9.990.000 kr.

Rnr. 420366.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hestháli 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

Lausnamiðað norrænt samstarf



Silja Dögg Gunnarsdóttir
forseti Norðurlandaráðs



Oddný G. Harðardóttir
varaforseti Norðurlandaráðs



Norrænt samstarf hefur alltaf verið hornsteinn utanríkisstefnu Íslands og hefur líklega aldrei verið mikilvægara en nú. Saman erum við sterkari!

Aflýsa varð Norðurlandaráðsþingi, sem hefur verið haldið óslitið síðan 1953 og átti í þetta sinn að fara fram í Hörpu dagana 27.–29. október. Þær hindranir sem upp hafa komið á árinu eru gullið tækifæri til að þróa starf Norðurlandaráðs, meðal annars með því að gera það grænna og tæknivæddara. Það sem af er ári hefur samstarfið verið kraftmikið enda er nauðsynlegt að Norðurlöndin takist á við þær áskoranir sem blasa við – saman.

Áhersla á lýðræði, jafnrétti og mannréttindi

Þegar Íslendingar tóku við formennsku í janúar var árið nánast fullbókað með viðburðum, fundum og heimsóknunum, sem miðuðu að því að styrkja norræna vináttu og gildi, rækta tengsl við þjóðþing og þingmannasamtök í Eystursalt-ríkjunum, Benelux-löndunum, Bretlandi og víðar. Jafnframt átti að vinna að því að efla lýðræði, mannréttindi og jafnrétti, í löndum á borð við Pólland og Hvíta-Rússland, halda ráðstefnur til að vekja athygli á formennskuáherslum Íslands og margt fleira.

Aflýsing Norðurlandapings nauðsynleg

Snemma árs varð þó ljóst að endurskoða þyrfti dagskrána og alla starfshætti Norðurlandaráðs vegna faraldursins. Eftir samráð við þríeykið svokallaða, eftir að reglur voru hertar innanlands sem og í norrænu þjóðþingunum, var öllum ljóst að ekki yrði hægt að ferðast til Íslands í október og því hvorki ábyrgt né skynsamlegt að

safna hátt í þúsund manns saman á einn stað. En ákvörðunin var erfið, því nú er sem aldrei fyrr þörf á norrænu samstarfi og samráði. Faraldurinn og lokanir landamæra sem hann hafði í för með sér, hefur nú þegar slegið á tengsl og traust milli nágrannaþjóðanna. Faraldurinn hefur minnt okkur á að ekki megi taka samstarf og traust Norðurlanda sem gefnu.

Norræn stefna um samfélagsöryggi

Á þinginu átti að ræða mörg mikilvæg málefni sem snerta okkur öll. Meðal annars átti að fjalla um stefnu Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi sem var einróma samþykkt á síðasta þingi. Sú umræða á sérlega vel við á tímum faraldurs, upplýsingaóreiðu og umhverfisvárs, en stefnan felur meðal annars í sér eflingu norræns samstarfs á sviði almannavarna, heilbrigðismála og netöryggis, gerð sameiginlegrar viðbúnaðar- og neyðaráætlunar, mat á matvæla- og orkudreifingu og framboð mikilvægra lyfja og læknabúnaðar.

Stefnan um samfélagsöryggi, staðan í Hvíta-Rússlandi, framlög til norræna menningarmála, græn bylting og mörg önnur áriðandi mál verða nú í staðinn rædd á þeim stafrænu fundum sem fram undan eru. Norrænt samstarf hefur alltaf verið hornsteinn utanríkisstefnu Íslands og hefur líklega aldrei verið mikilvægara en nú. Saman erum við sterkari!

í stöðu flokksveldis, ekki lýðveldis. Það endurspeglast ákaflega vel í þeirri túlkun sem andstæðingar þjóðfélagsumbóta viðhafa um niðurstöður atkvæðagreiðslunnar, þar sem þeir eigna sér atkvæði þeirra sem ekki mættu á kjörstað. Það tíðkast hvergi í lýðræðislegum samfélögum, nema á Íslandi.

Þjóðin kom saman og hélt 1.000 manna fund og setti saman ramma um nýja stjórnarskrá, þar kom fram eindreginn vilji þjóðarinnar til að fá nýja stjórnarskrá.

85.000 manns mættu síðan á kjörstað og völdu úr 530 manna hópi 25 einstaklinga til þess að fylla út þennan ramma. Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar sýnir svo ekki er um að villast að þjóðin vill brjóta af sér flokksveldi og fá lýðveldi.

Stjórnarskrá er málamiðlun og hún verður aldrei eins og allir vilja hafa hana. Stjórnlagaráð vann fyrir opnum tjöldum og hleypti þjóðinni inn á sína fundi. Lýðræðisleg og málefnaleg niðurstaða náðist.

Þessi vinnubrögð vöktu heims-

Galið að henda mat



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Talið er að þriðjungur matvæla í heiminum fari til spillis. Samkvæmt rannsóknunum sem hafa verið gerðar á matarsóun hér á landi á undanförunum árum er ekkert sem bendir til þess að matarsóun sé minni hér á landi en annars staðar í heiminum. Sóunin á sér stað á öllum stigum virðiskeðjunnar, allt frá ræktun til framleiðslu og neyslu. Þannig er sóunin ekki bara á ábyrgð neytenda, heldur líka framleiðenda, flutnings- og söluaðila og veitingamanna. Það má því segja að samfélagið allt beri ábyrgð á því að takast á við vandann en að sama skapi höfum við líka öll hag af því að gera betur.

Matarsóun er loftslagsmál

Þegar matur fer til spillis er það sóun á sameiginlegum auðlindum okkar allra, fjármunum og tíma. Loftslagsávinningur er af því að draga úr matarsóun. Við matvælaframleiðslu losna nefnilega gróðurhúsalofttegundir og ef matvælna er ekki neytt þá hefur sú losun orðið til einskis. Ofan í kaupið myndast metan þegar matarúr-gangur brotnar niður, sem er ein þeirra gróðurhúsalofttegunda sem valda loftslagsbreytingum. Þess vegna er matarsóun loftslagsmál. Minni matarsóun er enda á meðal aðgerða sem lagðar hafa verið fram í Aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum sem uppfærð var í júní.

Aðgerðir til þess að draga úr matarsóun eru líka liður í því að styðja við myndun hringrásarhagkerfis, en það er málefni sem ég hef lagt áherslu á í ráðherratið minni. Í hringrásarhagkerfi er leitast við að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi sem síðan er hent. Að nýta það sem nýta má, gera við það sem bilar, endurnota, endurframleiða, endurvinnna og deila, og nota svo úrgang sem myndast sem hráefni í nýja framleiðslu. Þannig er til dæmis molta mynduð úr lifrænum úrgangi eins og matarleifum og hún er notuð sem áburður. Myndun hringrásarhagkerfis getur skapað ný tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf,



Þegar matur fer til spillis er það sóun á sameiginlegum auðlindum okkar allra, fjármunum og tíma. Loftslagsávinningur er af því að draga úr matarsóun.

hlift náttúrunni og sparað almenníngi óparfa útgjöld.

Samstillt átak samfélagsins alls

Í lok síðasta árs skipaði ég starfshóp til að móta tillögur að aðgerðum gegn matarsóun á Íslandi. Í honum sátu fulltrúar neytenda, atvinnulífsins, félagasamtaka, ungs fólks og stjórnvalda. Fulltrúarnir höfðu inn-sýn inn í ólíka hlekki virðiskeðju matvæla: framleiðslu, vinnslu, sölu og neyslu. Um mitt sumar fékk ég svo tillögur hópsins afhentar og voru þær um leið lagðar í samráðsgátt stjórnvalda.

Hópurinn setti fram tillögur að 24 aðgerðum til þess að draga úr matarsóun og snúa þær ekki síst að því að auka samstarfatvinnulífs og stjórnvalda um málefnið. Sóun matvæla er enda flókið úrlausnar-efni sem krefst margvíslegra ráðstafana og samstillts átnks. Hópurinn leggur áherslu á að atvinnulífið setji málefnið í forgang innan sinna

vébanda. Á sama tíma leggi stjórnvöld lóð sín á vogarskálarnar með því að efla nýsköpun, innleiða hagræna hvata, gera átak í menntun og fræðslu, mæla umfang matarsóunar árlega og endurskoða regluverk.

Helmingi minni matarsóun árið 2030

Í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er nú unnið úr ábendingum sem bárust við tillögurnar á meðan þær voru í samráðsgátt stjórnvalda. Af aðgerðunum 24 sem hópurinn leggur til eru 14 á ábyrgð ríkisins og 10 á ábyrgð atvinnulífsins. Saman eiga þær að stuðla að því að draga úr matarsóun á næstu árum, þannig að árið 2030 hafi hún minnkað um helming í allri virðiskeðjunni. Þannig hafa bæði fyrirtæki og almenningur mikilvægu hlutverki að gegna. Sem vörðu á miðri leið leggur hópurinn til að stefnt verði að 30% samdrætti fyrir árið 2025. 50% markmiðið er í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 12, um að minnka sóun matvæla. Það markmið nær þó einungis til neytenda og smásölu, en markmiðið í tillögum starfshópsins íslenska til allrar virðiskeðjunnar.

Hvorki raunhæft né skynsamlegt að henda mat

Í heimi þar sem fólk fer fjölgandi og náttúran er undir miklu álagi, meðal annars vegna stórauðinnar matvælaframleiðslu, er ekki raunhæft að halda áfram að henda þriðjungi þess sem við framleiðum.

Það er hvorki sjálfbært, né hagkvæmt, heldur hreint út sagt galið.

Hvenær verður fyrsta íslenska stjórnarskráin staðfest?



Guðmundur Gunnarsson
fyrirv. form. Rafiðnaðarsambandsins

Það stefnir í að við séum að ná því marki að þjóðin fái í fyrsta skipti að kjósa um stjórnarskrá sem hún semur sjálf. Hún hefur búið við stutta þýðingu á aldagamalli danskri stjórnarskrá. Ástæða er að halda því til haga að Danir hafa fyrir margt löngu stórbætt sína stjórnarskrá og búa þannig við mun meira lýðræði en íslensk þjóð sem býr við gömlu konungsskrána.

Þeir sem sátu heima í þjóðaratkvæðagreiðslunni dæmdu sjálfa sig úr leik og létu aðra um að taka afstöðu. Það er lýðræði, það er kostulegt að heyra varnarræður talsmanna flokksræðisins þar sem þeir snúa á haus kosningaþátttöku. Staðan í dag setur íslenskt samfélag



Stjórnarskrá er málamiðlun og hún verður aldrei eins og allir vilja hafa hana. Stjórnlagaráð vann fyrir opnum tjöldum og hleypti þjóðinni inn á sína fundi. Lýðræðisleg og málefnaleg niðurstaða náðist.

athygli og allt frá því að þetta ferli íslensku þjóðarinnar hófst, við endurskoðun gömlu konungsstjórnarskrárinnar, hefur streymt hingað fjöldi erlendra háskólamanna og fréttamanna til þess að fylgjast með þeim lýðræðislegu umbótum sem íslenska þjóðin vill fá.

Alþingi á ekki að setja sjálfu sér leikreglur. Þjóðin vill og ætlar að halda því valdi hjá sér. Alþingismenn hafa gengið fram af þjóðinni í orðsins fyllstu merkingu með sínum átakavinnubrögðum. Alþingi Íslendinga hefur verið nýtt til þess að fáir nái að skara að sér gæðum.

Þessi staða veldur því að Alþingi stendur til boða einstakt tækifæri til þess að fara að vilja þjóðarinnar og ná til baka einhverju af glataðri virðingu og trausti. Leiknum er ekki lokið, við munum brjóta flokksveldið á bak aftur. Við höldum í vonina um betra samfélag.

66,4% vilja að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá.

81,3% vilja að náttúruauðlindir

sem eru ekki í einkaeigu verði lýstar þjóðareign.

76,4% vilja aukið persónukjör við Alþingiskosningar.

57% vilja að ákvæði um þjóðkirkju verði í stjórnarskrá.

70,5% vilja að tiltekið hlutfall kosningabærra manna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu.

55,6% vilja að atkvæði kjósenda alls staðar af landinu vegi jafnt.

Frumvarp að nýrri stjórnarskrá er því nánast tilbúið í tillögum stjórnlagaráðs. Sú niðurstaða er það sem þjóðin vill og það er verkefni okkar að sjá til þess að alþingismenn komist ekki hjá því að fara að vilja þjóðarinnar. Því miður hafa talsmenn flokksvaldsins komið í veg fyrir eðlilega þróun í endurskoðun

Næsta víst er hver verða viðbrögð tiltekens hluta alþingismanna, við höfum orðið ítrekað vitni að því hvaða vinnubrögð flokksvalds-hópurinn hefur tamið sér, þar sem hann hikar ekki við að snúa staðreyndum á hvolf í málflutningi sínum. Alþingi stendur ekki til boða önnur leið.

enox.
enjoy life
Þýskt gæðamerki



HÚSASMIÐJAN
**FYRIR
ÞIG**

**Fermingargjöfin
er fundin!**



Rafmagnsvespa ENOX V7
Verð aðeins

169.900 kr
3903101

Enox V7. Hámarkshraði er stilltur á 25 km/klst. og drægni á rafhlöðu er allt að 80 km. Viðhaldsfrír Lithium 48V24AH rafgeymir tryggir endingu í minnst 800 hleðslu

Rafmagnsvespa ENOX EM215
Verð aðeins

199.900 kr
Án skráningarkostnaðar 3903100

ENOX EM215. Hámarkshraði er 45 km/klst., drægni á rafhlöðu er allt að 60 km. Graphene rafgeymir tryggir endingu í minnst 1.000 hleðslur. Gerð fyrir hraðhleðslu og hægt að ná 80% hleðslu á 1-2 klst., 100% hleðsla næst á 3-4 tímum.

Nett og nútímaleg hönnun sem hefur vakið mikla athygli. Þýskt-kínverskt samstarf tryggir hágæða framleiðslu og ótrúlega hagstætt verð. Umhverfisvæn farartæki, engin loftmengun og engin hávaðamengun.

Fáanlegar í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt og á husa.is
Tveggja ára framleiðsluábyrgð er á öllum Enox rafmagnsvespum.

Neymar kom smitaður heim

FÓTBOLTI Franska félagið PSG sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem fram kom að Neymar væri einn þriggja leikmanna félagsins sem hefðu greinst með kórónaveiruna.

Óvist er hvenær brasilíski töfra- maðurinn Neymar snýr aftur á völinn fyrir PSG en franska félagið er búið að óska eftir frestun á leik liðsins gegn Lens eftir landsleikjahléið eftir tíu daga. Leik PSG í fyrstu umferð frönsku deildarinnar var frestað vegna þátttöku liðsins í úrslitum Meistaradeildar Evrópu á dögnum.

Brassinn fór ásamt argentínsku miðjumönnum Angel di Maria og Leandro Paredes að drekkja sorgum sínum í stuttu frii á spænsku eyjunni Ibiza eftir að hafa tapað úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu gegn Bayern München á dögnum.

Við komuna til Parísar gengust þeir undir skimun þar sem kom í ljós að þeir voru allir smitaðir af COVID-19. Þeir eru því komnir í sóttkvi til að koma í veg fyrir að þeir smiti liðsfélaga sína. – kpt

Bræður sömdu við Stjörnuna

HANDBOLTI Breiðhylltingurinn Björgvin Hólmgeirsson hefur söðlað um frá uppeldisfélagi sínu, ÍR, og gengið til liðs við Stjörnuna. Björgvin gerir tveggja ára samning við Garðabæjarfélagið en hann spilaði með Stjörnunni frá 2007 til 2009. Þess utan hefur Björgvin leikið með Haukum frá 2009 til 2011 og í Þýskalandi árið 2012. Árið 2015 skellti Björgvin sér til Dúbaí í Sam-einuðu arabísku furstadæmunum og spilaði þar í tvö ár með Al Wasl.

Þá hefur bróðir Björgvins, Einar Hólmgeirsson, verið ráðinn aðstoðarþjálfari Patreks Jóhannessonar hjá Stjörnuhljóðinu og mun Einar einnig sinna styrktarþjálfun leikmanna liðsins. Einar hefur líkt og Björgvin leikið með Stjörnunni en það gerði hann keppnistímabilið 2013 til 2014.

Stjarnan hefur leik í Olis-deildinni föstudagskvöldið 11. september en þá fær Patrekur fyrrverandi lærisveina sína, Selfoss, í heimsókn í TM-höllina. Stjörnumenn mæta með talsvert breytt lið til leiks í vetur en Patrekur hefur hrist rækilega upp í leikmannahópi liðsins eftir að hann tók við stjórnartafnum hjá liðinu fyrr á þessu ári. – hó

Óska eftir aðstoð frá bænum

Körfuknattleiksdeild Vestra glímir við þá erfiðu stöðu að helstu tekjulindir félagsins hafa ekki skilað því sem vonast var eftir. Félagið þurfti að aflýsa stærstu körfuboltaþúðum landsins vegna kórónaveirunnar.

KÖRFUBOLTI Körfuknattleiksdeild Vestra sendi Ísafjarðarbæ á dögnum bréf þar sem óskað var eftir auknu fjárframlagi til félagsins vegna tekjumissis sem það hefur orðið fyrir vegna COVID-19 faraldursins. Ingólfur Þorleifsson, formaður stjórnar körfuknattleiksdeildar Vestra, segir þetta í fyrsta sinn sem félagið hafi farið þessa leið.

„Þetta er í fyrsta sinn sem við höfum þurft að óska eftir auknu fjárframlagi. Eins og önnur íþróttafélög fáum við styrki og tíma í íþróttahúsum en þetta er í fyrsta sinn sem við förum þessa leið síðan ég kom inn í félagið fyrir að verða tuttugu árum. Fyrstu viðbrögð voru jákvæð, bærinn virtist skilja þetta og er að skoða málið en auðvitað vitum við að það stefnir í mikið tekjutap hjá bæjarfélaginu þessa dagana eins og alls staðar annars staðar og það eru allir að passa upp á hvern aur. Þetta er snúin staða fyrir þá rétt eins og okkur.“

Líkt og önnur lið varð Vestri af tekjum sem hefðu fylgt úrslita-keppninni síðasta vor og þá féllu helstu fjáraflanir félagsins niður. Um árabíl hefur deildin unnið í fjáröflunum á vorin til að styrkja fjárhagsstöðuna fyrir komandi tímabil. Stærsta áfallið varð hins vegar þegar félagið þurfti að fella niður hinar árlegu Körfuboltaþúðir Vestra sem áttu að fara fram tölfta árið í röð í sumar.

Aður var búið að fresta búðunum um tvo mánuði í von um að þær gætu farið fram og var uppselt í búðirnar og langur biðlisti. Á síðustu stundu þurfti félagið að aflýsa þeim eftir að seinni bylgjan af COVID-19 tók sig upp á Íslandi. Tekjurnar af búðunum hafa verið nýttar til að halda æfingagjöldum yngri flokka niðri og til uppbyggingarverkefna innan deildarinnar.

„Þetta eru stærstu körfuboltaþúðir landsins, við vorum búin að fresta þeim áður í von um að halda þær í ágúst en það kom því miður ekkert annað til greina en að aflýsa þeim þegar seinni bylgjan af COVID-19 kom upp. Það er stærsta höggð fyrir fjárhagshlið deildarinnar, þetta er stærsta fjáröflun félagsins á ári hverju.“

Aðspurður sagðist Ingólfur ekki hafa heyrt í formönnum annarra félaga í deildinni en bjóst við að



Heimastúlkur sem mynda kjarnann í liði Vestra í 1. deild kvenna næsta vetur. MYND/HEIMASÍÐA VESTRA

Við búum að því að þurfa að fara í langt ferðalag í flesta útileiki og langstærsti útgjaldaliður deildarinnar er ferða- og gistikostnaður.

Ingólfur Þorleifsson, formaður kkd. Vestra.

þau væru að glíma við sambærileg vandamál og Vestri.

„Ég hef ekki heyrt frá neinum öðrum félögum en það er líklegt að það séu fleiri félög í sömu stöðu og við þessa dagana. Það eru ekki að

koma inn tekjur frá áhorfendum og mörg félög reida sig á styrktaraðila sem eru í ferðaþjónustunni. Ég get ímyndað mér að það séu fleiri félög í þessari stöðu þó að ég sé ekki með það á hreinu.“

Vestri leikur í 1. deild í karla- og kvennaflokki og því fylgja griðarlega löng ferðalög. Stysta ferðalagið karlamegin er tæplega 400 kílómetrar í Stykkishólm en kvennamegin er stysta ferðalagið á Sauðárkrók sem telur þó 461 kílómetra. Það biða því mörg ferðalög víðsvegar um landið fyrir Vestra á komandi vetri.

„Við búum að því að þurfa að fara í langt ferðalag í flesta útileiki og langstærsti útgjaldaliður deildarinnar okkar er ferða- og gistikostnaður.“

Aðspurður hversu alvarleg staðan sé sagði Ingólfur að það hafi þrátt fyrir allt hafi gengið vel að manna hópinn til að tefla fram samkeppnishæfu liði í vetur.

„Við settum á laggirnar meistara-

flokk kvenna í vor eftir nokkurra ára fjarveru. Við höfum eins og oft áður þurft að treysta á aðkomumenn og verðum að við teljum með samkeppnishæft lið í karla- og kvennaflokki þó að það sé gert á eins ódýran máta og hægt er. Erlendu leikmennirnir okkar eru allir í vinnu, sumir hjá félaginu en aðrir að vinna með til að drýgja tekjurnar.“

Það er ekkert nýtt á Ísafirði en körfuknattleikslið þar á bæ hafa yfirleitt þurft að treysta mikið á erlenda leikmenn. Erfitt hefur reynst að fá Íslendinga vestur og að halda heimamönnum í liðinu.

„Það hefur alltaf þurft að passa vel upp á hvern einasta aur. Ég er búinn að vera í stjórn KFÍ og Vestra í hátt tuttugu ár og það hefur alltaf verið barátta að reka þetta. Það er ákveðin klikkun að halda úti starfi eins og þessu norður á hjara en við erum orðin ýmsu vön.“ sagði hann léttur að lokum.

kristinnpall@frettabladid.is

GSÍ kannast ekki við óánægjuraddir vegna forgjafarkerfis

GOLF Framkvæmdarstjóri Golfsambandsins, Brynjar Eldon Geirsson, sagðist ekkert kannast við óánægjuraddir íslenskra kylfinga þegar kæmi að nýja forgjafarkerfinu og mótahaldi á Íslandi. Umræða skapaðist um málið í Facebook-hópnum Kylfingar á Íslandi þar sem kvartað var undir nýju forgjafarkerfi sem tekið var upp í vor þar sem margir lýstu yfir óánægju sinni.

Einhver galli gerði það að verkum að mót sem væru opin hinum almenna kylfingi væru yfirleitt að sigrast á slíkum punktafföldum að það hlyti að vera einhver galli í kerfinu. Fyrr á þessu ári innleiddi Golfsamband Íslands forgjafarkerfið World Handicap System (WHS) þegar sex forgjafarkerfi sem voru í notkun á heimsvísu voru sameinuð í eitt. Með því var forgjöf reiknuð út frá átta lægstu skorum af síðustu 20

Okkar upplifun er í raun frekar að það sé almenn ánægja með nýja forgjafarkerfið.

Brynjar Eldon Geirsson, framkvæmdarstjóri GSÍ

forgjafahringjum en forgjöf er gefin út til að meta styrkleika kylfinga og veita öllum jafnan grundvöll til að leika, hvort sem um ræðir nýliða eða þrautreynda kylfinga. Kylfingur heldur forgjöf og spilar á pari eða eigin getu með 36 punkta en í úrtaki sem Fréttablaðið tók saman í gær mátti sjá mót sem unnust á 49 höggum og mót þar sem 42 punktar dugðu ekki nema í tíunda sætið.

„Þetta hefur ekki ratað inn á okkar borð og ég kannast því ekki

við þessa umræðu. Okkar upplifun er í raun frekar að það sé almenn ánægja með nýja kerfið, bæði hér á landi og hjá nágrannapijóðum okkar,“ sagði Brynjar þegar Fréttablaðið spurðist fyrir um hvort að þetta erindi hefði ratað inn á borð Golfsambandsins.

„Þetta gæti kannski tengst einhverjum vaxtarverkjum við nýja kerfið sem er mun skilvirkara að breyta forgjöfinni. Ég held að það sé mun líklegra frekar en að kylfingar séu að reyna að braska eitthvað með forgjöfina sína. Í nýja kerfinu liggur einnig meiri ábyrgð á forgjafanefndum klubbanna, að einstaklingar á þeirra vegum séu með forgjöf sem endurspeglar getuna,“ sagði Brynjar og hélt áfram: „Markmiðið með nýja kerfinu var að setja á sameiginlegt kerfi á heimsvísu til að einfalda forgjafareglurnar.“ – kpt



Kylfingar slá upphafshögg á Hvaleyrarvelli í sumar. FRÉTTABLAÐID/ERNIR



FIMMTUDAGUR 3. SEPTEMBER 2020

Tíska



Um síðustu helgi fór fram hugmyndasmiðjan Spjarabon, þar sem þátttakendur þróa og skapa lausnir gegn textílsóun. Sigurhugmyndin var Spjarasafnið, eins konar Airbnb fyrir föt sem notendur geta leigt út og fengið leigð föt til skamms tíma. ➔4

LÍFRÆNT
RAUÐRÓFUDUFT
Í HYLKJUM



„Náði kólesterólinu
niður á stuttum tíma.“
Jóhannes S. Ólafsson



Birna Sigurjónsdóttir er annar eigenda Klæðskerastofunnar sem staðsett er í Kjörgarði á Laugaveginum.

Saumaði fermingarkjól á systur sína í 10. bekk

Birna Sigurjónsdóttir, klæðskeri og fatahönnuður, nýtur þess að skapa með höndunum. Undanfarin ár hefur Birna sérhæft sig æ meira í að klæðskersauma jakkaföt og hófst sú vegferð með samstarfi við Ragnar Kjartansson. ➔2



Birna segir starf klæðskerans fela í sér nána samvinnu við viðskiptavinum og eru flikurnar því bæði vandaðar og persónulegar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiser@frettabladid.is



Ég er fædd og uppalin í Reykjavík. Bý núna með kærastanum, Árna Hauki listasmið, og stelpunum okkar tveimur í Kópavogi,“ svarar Birna þegar hún er beðin um að segja frá sér í stuttu máli.

„Áhugamál eru mikið það sem við kemur vinnunni minni og handverki. Hef mjög gaman af því að þrjóna, sauma og hekla. Hef líka mikla ánægju af því að planta fræjum og fylgjast með blómum og jurtum vaxa. Hef kannski bara mest gaman af öllu sem ég get skapað með höndunum og sjá hluti verða til. Svo auðvitað ferðalög, fjölskyldan og vinirnir, þetta klassíska.“

Upplifði sig frekar sem iðnaðarmann en fatahönnuð

Handverksáhuginn kviknaði snemma að sögn Birnu. „Ég byrjaði að sauma þegar ég var krakki, fannst alltaf skemmtilegast í handmennt. Á efri hæðinni bjó hún yndislega Zita sem kenndi mér að þrjóna og nennti endalaust að sitja með okkur systur yfir alls kyns hannyrðum. Ég var alveg óhrædd við að prófa og saumaði til dæmis feringarkjól á Ingibjörgu systur mína, mamma var með hjartað í buxunum allan tímann hvort ég myndi klára. Ég kunni auðvitað ekkert að sauma og hvað þá að gera snið en henti mér óhrædd í verkið, viss um að ég gæti þetta og það tókst!“

Birna var búsett í Danmörku um árabil þar sem hún stundaði nám í og starfaði við fatahönnun. „Ég bjó í Danmörku í níu ár, þar lærði ég fatahönnun og reyndi fyrir mér sem slík í nokkur ár. Rak þrjár búðir ásamt öðrum hönnuðum og handverksfólki, vann fyrir flotta danska fatahönnuðinn Camilla S og tók að mér ýmis búningaverkefni svo dæmi séu tekin.“

Reynslan var dýrmaet og veitti Birnu mikilvæga innsýn í áhugasvið sitt. „Ég komst að því í þessu ferli að ég er miklu meiri iðnaðar-



Birna saumar jakkaföt frá grunni.



Jakki úr fallegu tweed-efni.

maður en hönnuður. Mér finnst skemmtilegast að finna út úr því hvernig á að gera flikina á sem fallegastan hátt að innan og utan,“ segir Birna hugsí.

Ragnar hálfgerð tilraunadýr

Birna og Árni fluttu aftur til Íslands fyrir sjö árum og nokkru síðar settist Birna aftur á skólabekk. „Ég flutti heim frá Danmörku í lok árs 2013 og ég settist aftur á skólabekk 2016. Ég kláraði klæðskeranámið 2018 sem ég byrjaði á 14 árum áður,“ skýrir hún frá. Það var í náminu sem örlögin gripu í taumana. „Á lokaárinu



fékk ég Ragnar Kjartansson til að vera módel fyrir mig. Ég saumaði á hann bæði smóking og kjölföt og hann heillaðist af þessari vegferð sem það er að láta sauma á sig föt. Þar með var okkar samstarf hafið.“

Samstarfið reyndist gjöfult og gerði Birnu kleift að færa út kvíarnar og sökkva sér enn dýpra í listina að baki klæðskerasaumi. „Raggi og Ingibjörg leyfðu okkur að vera í fallega kjallaraherberginu á Tjarnargötunni þar sem þau búa, og þar opnuðum við Rakel Yr Leifsdóttir litla klæðskerastofu. Við tókum á móti okkar fyrstu viðskiptavinum þar, saumuðum jakkaföt, dragtir og stöku brúðarkjola. Við fórum á kaf að læra að gera klæðskerasaumuð jakkaföt eins og þau voru gerð hérna áður fyrr, með öllum handsaumnum og fegurðinni sem fylgir því að móta hverja flik að líkama og þörfum hvers viðskiptavinar.“

Birna segir samvinnu hennar og Ragnars hafa verið afar lærdómsríka. „Þarna hefur Raggi verið eins konar tilraunadýr fyrir mig,

Birna vinnur með ólík og vönduð efni.

„Það að fá sér flik sem er saumuð hjá klæðskera er allt annað en að kaupa skynditísku. Það er hugsað út í hvert smáatriði, hvað passar og hvað klæðir viðkomandi.“

ég sauma föt og fæ hann í ótal mátanir til að finna út hvernig er best að gera fötin. Hann notar þau síðan og kemur með athugasemdir um hvað betur má fara og þannig held ég við séum búnir að þróa góð jakkaföt.“

Andstæða skynditísku

Á tímum neysluhyggju þar sem fjöldaframleiðsla og skynditíska

er ein helsta umhverfisógn sem mannkynið stendur frammi fyrir er ekki úr vegi að spyrja Birnu hvaða þýðingu iðngrein á borð við klæðskerasaum hafi.

„Það að fá sér flik sem er saumuð hjá klæðskera er allt annað en að kaupa skynditísku. Það er hugsað út í hvert smáatriði, hvað passar og hvað klæðir viðkomandi. Efnisval er mikilvægur hluti af ferlinu og þar getur hver og einn valið hvað hann vill. Lifræn bómull, íslensk ull, handofíð tweed eða hvað það er sem gerir flikina sérstaka fyrir þig.“

Slíkar flikur séu hannaðar í nánu samstarfi við viðskiptavininn sem getur gjörbreytt því hvernig viðkomandi hugsar um og notar flikina. „Viðskiptavinurinn er með í ferlinu frá upphafi til enda og gerir sér held ég grein fyrir hvað falleg vel sniðin flik gerir miklu meira fyrir mann. Þetta verður þín flik, sniðin og saumuð af fagmanni með tilheyrandi menntun. Flikin endist betur og ég er sannfærð um að viðskiptavinurinn hugsar betur um svona flik.“

Íslenska ullin heillandi

Birna segir ýmislegt á döfinni og að atburðarás undanfarinna mánaða hafi þar haft óvænt áhrif. „Á saumabörðinu akkúrat núna eru meðal annars andlitsgrímur, mig langaði í fallega og þægilega grímu sem væri líka eins örugg og hægt er. Þetta eru skritnir tímar, ég bjóst ekki við því fyrir nokkrum mánuðum að ég hefði sterka skoðun á andlitsgrímum.“

Þá hafa Birna og Rakel átt í farsælu samstarfi við Kormák og Skjöld sem þróa og nota mikið af íslenskri ull sem Birna er afar hrifin af. „Núna erum við Rakel með vinnustofu í Kjörgarði hjá Kormáki og Skildi og erum í góðu samstarfi við þá. Þeir eru búnir að þróa og eru farnir að framleiða íslenskt vaðmál sem er ótrúlega fallegt og sterkt efni sem er frábært að vinna með. Ég hlakka til að sauma meira úr íslenskri ull í framtíðinni. Það er eitthvað fallegt og í takt við tímans tönn að gera flikur frá grunni í Reykjavík úr íslenskri ull.“

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Patricia Anna Þormar og Sigríður Guðjónsdóttir unnu Spjarapon um helgina með hugmynd að Spjaraleigu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Snýst um að fá meira út úr hverri flík

Um síðustu helgi fór fram Spjarapon, tveggja daga hugmyndasmiðja þar sem þátttakendur þróa og skapa lausnir gegn textílsóun. Sigurhugmyndin var Spjarasafnið, eins konar Airbnb fyrir fót.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is



Patricia Anna Þormar er hugmyndasmiðurinn að Spjarasafninu en með henni í liði voru Ásgerður Heimisdóttir, Dagný Guðmundsdóttir, Kristín Edda Óskarsdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir. „Ég frétti af Spjaraponinu í gegnum samstarfskonu mína

og hugsaði með mér að það væri frábært tækifæri til að koma fram með þessa hugmynd sem hefur blundað með mér lengi,“ segir Patricia.

„Ég hugsaði að þarna væri líka gott tækifæri til að koma hugmyndinni af stað, mynda tengslanet og vita hvort einhver væri til í að vinna að hugmyndinni með mér. Ég er mjög glöð að hafa fengið fjórar rosalega flottar konur í lið með mér.“

Konurnar í liðinu voru líka þátt-



Á Spjarasafninu verður hægt að leigja út eigin fót og leigja fót frá öðrum.

takendur í Spjaraponinu þar sem Patricia kynnti hugmynd sína.

„Spjarasafnið byrjaði með hugmyndavinnu. Fólk gat kynnt sínar hugmyndir og komið með nýjar hugmyndir út frá því. Svo völdu þátttakendur að hvaða hugmynd þeir vildu vinna. Mér fannst það skemmtilegt. Þannig veit ég að þær sem ég vinn með völdu verkefnið af því þeim leist vel á hugmyndina. Teymið er ekki fyrst valið og hugmyndin svo,“ útskýrir Patricia.

Hugmyndin er að Spjarasafnið verði stafræn miðlun þar sem fólk getur leigt út eigin flíkur eða fengið leigðar flíkur sem annars myndu hanga ónotaðar inni í fataskáp. Eins konar Airbnb fyrir fót eins og Patricia lýsir henni.

Spjarasafnið byggir á deiliahagkerfi þar sem verið er að nýta verðmæti, það er fatnað, sem er nú þegar til staðar og er ekki

Fókusinn verður líklega árshátíðarkjólur. Þetta eru oft dýrustu flíkurnar sem þú átt inni í fataskáp en þú ferð kannski í þær þrisvar.

fullnýttur hjá eiganda. Flíkurnar öðlast nýtt líf í hringrásinni og margir nota þær yfir líftíma þeirra, auk þess sem eigendur geta haft tekjur af útleigunni.

„Þetta snýst um að fá meira út úr hverri flík og fá tekjur af flíkum sem þú átt nú þegar. En fyrst og fremst að auka úrval og framboð

af fötum. Sérstaklega svona dýrri munaðarvöru eins og kjólum og kápum,“ segir Patricia.

„Fókusinn verður líklega árshátíðarkjólur. Þetta eru oft dýrustu flíkurnar sem þú átt inni í fataskáp en þú ferð kannski í þær þrisvar. Mörgum finnst ekki hægt að láta sjá sig í sama kjólnum í brúðkaupi í fjórða sinn. Ég hugsaði þetta svolítið frá þeim enda að auka úrval og framboð. Ég hef áhuga á tisku eins og kannski flestar konur. Ég hef gaman af að klæða mig upp fyrir ákveðin tilefni, en mér finnst kannski erfitt að láta sjá mig í sömu flíkinni aftur og aftur. Við erum nýjungagjörn, við viljum fá eitthvað nýtt. En þá kemur inn þetta sjálfbærnisjónarmið. Maður getur ekki alltaf keypt nýja og nýja flík í hvert sinn sem manni langar í eitthvað nýtt. Ég fór þess vegna að hugsa um hvernig hægt væri að gera þetta á sjálfbæran og ódýran hátt.“

Patricia segir að teymið ætli að skrá hugmyndina í Gull-eggjó, frumkvöðlakeppni, en sem stendur eru þær að leita að forritara sem hefur áhuga á snjalllausnum og tækni inn í teymið. Skráningu í Gulleggjó lýkur í dag en Patricia segist vona að þær nái að finna forritara tímanlega.

„Við erum komin með netfang, spjarasafnið@gmail.com svo ef einhver forritari hefur áhuga á að ganga til liðs við okkur má hafa samband þar. Mér finnst skipta svolitlu máli að forritarinn sé kona af því þetta er þjónusta sem er fyrst og fremst hugsuð fyrir konur, mér finnst því skipta máli að þjónusta fyrir konur sé hönnuð af konum. Næst á dagskrá er svo að stofna Instagram-síðu fyrir Spjarasafnið svo hægt sé að fylgjast með okkur og þannig getum við líka fylgst með hvaða meðbyr hugmyndin fær.“

NÝJAR HAUSTVÖRUR STREYMA INN



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

belladonna

Verslunin Belladonna



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

FÖGNUM NÝRRI ÁRSTÍÐ

ALLT NÝTT Í LAXDAL FYRIR HAUSTIÐ

VINNUNA OG FÉLAGSSKAPINN



MÖRG TILBOÐ
Í GANGI



SKOÐIÐ NETVERSLUN, **LAXDAL.IS**

FUCHS SCHMITT
FEEL THE COMFORT

GERRY WEBER

Taifun

CINZIA
ROCCA

Betty Barclay

GREENSTONE|©

Junge
DANMARK



Fylgdu
okkur á
Facebook



TRAUST Í 80 ÁR

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Queen B, eins og hún kallast stundum, elskar blúndur.



Beyoncé hér þokkafull með kúrekahatt en hún er einmitt fædd og uppalin kúrekastelpa frá Texas og leikur sér iðulega með hatta til skrauts.



Beyoncé í miðið með kvennasveitinni Destiny's Child.



Beyoncé með sínum heittelskaða eiginmanni, rapparanum Jay-Z. Hér eru þau glæsileg og grettin saman fyrr á þessu ári.

MYNDIR/GETTY

Drottningin fer í afmæliskjólinn

Söngdíván og mannréttindasinninn Beyoncé blæs á 39 kerta tertu á morgun. Hún þykir óaðfinnanleg í tauinu, með óbilandi tiskuvit og hefur sín áhrif á tiskustraumana.

Bandaríska tónlistarkonan Beyoncé verður 39 ára á morgun. Hún er fædd og uppalin í borginni Houston í Texas, þar sem hún kom fram í fjölmörgum söng- og danskeppnum sem barn. Frægðarsól hennar reis hratt í lok tíunda áratugarins þegar hún varð aðal-söngkona kvennasveitarinnar vinsælu Destiny's Child. Um það leyti fékk Beyoncé hlutverk í sinni fyrstu kvikmynd, sem var Austin Powers in Goldmember (2002), og hóf sinn glæsilega sólóferil í tónlist. Í framhaldinu lék hún meðal annars í The Pink Panther og Dreamgirls. Beyoncé er fyrsti tónlistarmaður sögunnar til að koma fyrstu sex sólóplötum sínum á Billboard

200-listann vestanhafs. Fyrsta platan, Dangerously in Love, kom að auki fimm lögum á Billboard Hot 100-listann, þar á meðal laginu Crazy in Love með rapparanum Jay-Z, sem nú er eiginmaður hennar og barnsfadir. Allt frá því Beyoncé steig fram á sjónarsviðið hefur hún stolið senunni sökum glæsileika og annálaðs tiskuvits. Sjálfstraustið skín af henni og hár hennar er skart út af fyrir sig. Þegar kemur að klæðaburði vill Beyoncé sýna kvenlegar linur og íturvaxinn líkamann. Hún klæðist gjarnan gegnsæjum efnum þar sem skín í bert hold og elskar að nota stór hálsmen og eyrnalokka við blúndur og efnalítill klæði. Ófugt við margar stjörnur nýtur

Beyoncé sín í skærum litum þótt hún sé þekkt fyrir að klæðast líka öllu hvítu eða svörtu. Hún er alveg jafn flott til fara í hvunn dagslífinu, þar sem hún sést íklædd stuttermabol og þröngum gallabuxum sem sýna vel mótaðan rassinn og fæturna, eða þá niðurþröngu pilsu og háum hælum. Þótt stíll Beyoncé sé kvenlegur á hún til að gerast öllu töffaralegri og klæðast þá leðurboxum eða leðurjakka en notar þá háa hæl til að ítreka kvenleikann, rauðan varalit og hefur hárið slegið og villt. Voldugur makki er einmitt eitt af einkennum Beyoncé. Hún er með draumahár sem hún skartar ýmist rennisléttu eða krulluðu en setur upp hatta á slæmum hárdögum.



Eins og sjálf frelsisstytta á 59. Grammy-verðlaunahátíðinni 2017.



Í stuttboxum og hettupeysu með glamúr á Coachella-hátíðinni 2018.



Beyoncé nýtur þess að sýna glæstan kroppinn eins og sjá má í þessum gegnsæja síðkjól skreyttum eðalsteinum árið 2015.

NÁMSKEIÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um námskeið kemur út föstudaginn 11. september.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Arnar Magnússon sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja

PROSTONE

- » Jarðvinna
- » Drenlagnir
- » Hellulagnir
- » Þökulagnir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

PROSTONE

- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TREVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Þjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki.straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

Hártoppar-Hárigræðsla-Höfuðrótartatto. 25 ára sérfræðikunnátta. Raunverulegra verður það ekki. Frí ráðgjöf. Apollohar.is, S:552 2099

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is

Keypt & Selt

Til sölu

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

BENSÍNSVESPA
Fyrir 13 ára og eldri. 12 tommu felgur, EURO-4 minni eyðsla, minni mengum!
FERMINGATILBOÐ Kr. 234.900,-

NITRO
Nitro - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnasklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolia. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122

Heilsa

Nudd

Nudd. Opið frá 9-19. Einnig um helgar S. 832 8863

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna óskast

Píanókennari óskast í hlutastarf. Einkakennsla og/eða hópkenndla. Upplýsingar á pianoskoli@gmail.com eða í 691 6980.

Árskógar 8
109 Reykjavík

PANTID SKOÐUN hjá Gunnari í síma 899 5856

Vel skipulögð 94 fm 3ja herbergja íbúð

- Tvö herbergi, stofa, eldhús, baðherbergi
- Geymsla
- Húsvörður
- Húsið tengist félagsmiðstöð með þjónustu

Verð: **49,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson lögg. fasteignasali
sími: 899 5856 gunnar@miklaborg.is

MIKLABORG 569 7000 • Lágmúla 4 • miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Sóltún 5
105 Reykjavík

OPIÐ HÚS fimmtudaginn 4. sept. milli kl. 17:30-18:00

Falleg 4ra herbergja á 3. hæð svalalokun á suðursvölum

- Fataherbergi innaf svefnherbergi
- Hálf opið eldhús inn í stofu. Þvottahús innaf baði
- Vönduð gólfefni. Frábær staðsetning.
- Stæði í bílakjallara

Verð: **69,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
Jórunn Skúladóttir lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958 jorunn@miklaborg.is

MIKLABORG 569 7000 • Lágmúla 4 • miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

job Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi. Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ER BÍLSÆTID RIFIÐ ?

FYRIR **EFTIR**

Bílsætaviðgerðir-, mótorkjóra og snjóleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞÆRT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

hrrannar@frettabladid.is

Sérfræðingar í sauna!

Í Sauna Spa færðu úrval af þurrufu-, blautgufu- og infraklefum ásamt fylgihlutum. Við kappkostum að veita einstaklingum og fagmönnum sérfræðiráðgjöf varðandi allt sem snýr að hönnun og smíði saunaklefa. Veldu gæði!

Velkomin í sýningarsalinn
að Smiðjuvegi 11

TYLÓHELO

SAUNA SPA
Fjárfesting í velliðan
Smiðjuvegi 11 s. 571 3770, pall@sauna.is, sauna.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöðum.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

LANCÔME
PARIS

*STYRKJANDI OG ENDURNÝJANDI
AUGNHÁRAMEDFERÐ.*



GOÐSÖGNIN HYPNÔSE MASKARI
NÝTT LASH REVITALIZING
SERUM™

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

- 1189** Ríkharður ljónshjarta er krýndur konungur Englands.
- 1651** Ensku borgarastyrjöldinni lýkur með sigri Cromwells á Karli II. í orrustunni við Worcester.
- 1783** Bretar viðurkenna sjálfstæði Bandaríkjanna.
- 1921** Vígð er vönduð 206 metra löng brú yfir Jökulsá á Sólheimasandi.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Geir Viðar Svavarsson
Lautasmára 5, Kópavogi,
lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 29. ágúst.
Útför hans fer fram frá Digraneskirkju, miðvikudaginn 9. september klukkan 13.
Vegna fjöldatakmarkana verða einungis fjölskylda og nánir vinir viðstaddir athöfnina.

Jóhanna Svavarsdóttir
Hildigunnur Geirsdóttir
Viðar Rúnar Geirsson
Daniel Freyr Albertsson
Brynja Dís Albertsdóttir
Elvar Leó og Remi Þór



Elsku maðurinn minn, pabbi okkar, tengdapabbi og afi,
Magnús Reynir Jónsson
ljósmyndari,
Viðihlíð 12, Reykjavík,
lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans föstudaginn 28. ágúst.
Útförin fer fram í Fossvogskirkju fimmtudaginn 10. september, klukkan 15.
Einungis nánustu aðstandendum og vinum verður boðið að vera viðstaddir útförina, en streymt verður frá athöfninni á www.sonik.is/magnus.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið og líknardeild LSH.

Bjarnveig S. Guðjónsdóttir
Jón Reynir Magnússon
Vala Rún B. Magnúsdóttir
Davíð Steinn B. Magnússon
Aldís Erna Pálsdóttir
Hrafnkell Ásgeirsson
Gauti Páll Jónsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Esther Bjartmarsdóttir
lést á líknardeild Landspítalans þann 14. ágúst sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sólveig Ólafsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Ólafur Örn Ólafsson
Gunnar Már Sigurgeirsson
Guðmann Magnússon
Þórunn Margrét Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæri,
Skúli Gestsson
frá Syðra-Seli, Hrunamannahreppi,
lést fimmtudaginn 27. ágúst á dvalarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi.
Útför hans fer fram frá Hrunakirkju, fimmtudaginn 10. september, klukkan 14.00.
Vegna aðstæðna í samfélaginu verður athöfnin einungis fyrir nánustu fjölskyldu og vini.
Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð og hlýhug.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðrún Gestsdóttir

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot



Tviburasysturnar Þórunn og Úrður voru meðal styrkhafa úr Afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands. MYND/KRISTINN INGVARSSON

Nú gildir að halda dampi

Þær Þórunn og Úrður Andradætur frá Akureyri eru nýnemar í Háskóla Íslands og urðu nú í vikunni fyrstu tviburarnir sem hljóta styrki úr Afreks- og hvatningarsjóði skólans.

Það er nóg að gera hjá tviburasystrunum Þórunni og Úrði Andradætrum, sem eru nýbyrjaðar í Háskóla Íslands. Báðar völdu sér krefjandi fög, Þórunn hjúkrunarfræði og Úrður læknisfræði. Þær gefa sér samt tíma til að líta upp og spjalla við blaðamann stundarkorn utandyra á Háskólatorgi, tilefnið er að þær hlutu báðar styrki á mánudaginn úr Afreks- og hvatningarsjóði skólans. Slíkt er ekki á færi aukvísu, en á ferilskrá beggja er framúrskarandi árangur á stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 2018 og báðar hafa látið að sér kveða á danssviðinu í námi, keppnum, sýningum og kennslu.

Þær koma sem sagt frá Akureyri. „Við áttum heima í borginni fyrst, en fluttum norður fjögurra ára,“ upplýsa þær. Nú búa þær á nemendagörðum í Vatnsmyrinni og láta vel af því. Brosa við fyrstu spurningunni – hvort þeim hafi alltaf gengið vel í skóla. „Já, ágætlega, við höfum að minnsta kosti haft mikinn metnað fyrir að standa okkur vel,“ segir Úrður. „Stundum kannski aðeins of mikinn! Við erum þínu stressuðu týpurnar,“ segir Þórunn hlæjandi, „en við höfum líka haft áhuga fyrir mörgum námsgreinum, ekki síst á raungreinasviði.“ „Líka tungumálum, ensku og íslensku og við lærðum báðar frönsku,“ upplýsir Úrður og Þórunn



Við höfðum stundað sömu íþróttir, vorum í sama bekk á tímabili og alltaf í sama vínahópnum.

Úrður

bætir við að þær hafi þar valið áfanga sem Parísarferð var hluti af.

Skildu í eitt ár

Systurnar segjast alltaf hafa verið góðar vinkonur og aldrei upplifað að vera einmana – þó séu þær ekki eins og síamstvíburar. „Ég yfirgaf Úrði eftir stúdentsprófið, flutti til Stokkhólms, var þar í Ballettakademiunni í eitt ár. Var búin að fá nóg af bóklegu námi í bili,“ segir Þórunn. „Það reyndi smá á,“ viðurkennir Úrður. „En ég held við höfum báðar haft gott af því. Við höfðum stundað sömu íþróttir, vorum í sama bekk á tímabili og alltaf í sama vínahópnum. Ég fór að vinna þetta ár á leikskólanum Pálmholti því ég hef alltaf haft gaman af börnum, en fór samt og heimsótti Þórunni út og það var mjög gaman.“

Þær sluppu heim fyrir COVID-19 og eru nú báðar komnar í nám í heilbrigðis-

geiranum. Þórunn kveðst hafa unnið á öldrunarheimili eitt sumar og verið hrifin af því, það hafi ýtt undir hennar ákvörðun. Auk þess hafi þær alltaf haft áhuga á líffræði og líffræðikennarinn þeirra í MA hafi kynt undir hann. „Svo er systir okkar í læknisfræði, hún býr hér hinum megin við götuna og við getum alltaf leitað til hennar – og eldað saman! Við eigum gott stuðningsnet í okkar fólki,“ lýsir Úrður.

Þrjú hundruð í bekk

Tviburasysturnar tala um að þær muni verulega um hinn nýfengna styrk til að standa undir leigu á stúdentagörðunum. „Við erum í klasa og deilum eldhúsi með sjö öðrum, það er mjög fínt. Líka þægilegt að vera svona nálægt skólanum,“ segir Úrður.

Þórunn kveðst mest læra hjúkrunarfögin gegnum tölvu enn sem komið er. „Það eru 300 í bekknum fram að júlum og ekkert þægilegt að halda fjarlægðarmörk en það er fínt að læra á netinu.“ „Í bland, að minnsta kosti,“ tekur Úrður undir. „Ég byrjaði 17. ágúst í læknisfræðinni og var dálítið að mæta í tíma fyrstu vikurnar en er meira orðin á netinu. Nú gildir bara að halda dampi!“ Þórunn tekur undir það og bætir við: „Það verður líka gaman þegar öllum takmörkunum verður aflétt, því félagslíf í HÍ er víst venjulega mjög gott.“ gun@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Birna Svava Ingólfssdóttir Vestmann

lést 27. ágúst á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 7. september kl. 13.30. Í ljósi aðstæðna verða einungis nánustu ættingjar og vinir viðstaddir, en útförinni verður streymt á Jarðarfarir í Akureyrarkirkju – beinar útsendingar.

Inga Katrín Vestmann
Þorvaldur Vestmann
Margrét Vestmann
Valur Vestmann
Kristján Þ. Kristinsson
Þórdís Þórolfssdóttir
Aðalbjörn R. Svanlaugsson
Vera W. Vestmann
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langlangafi,
Trausti Eyjólfsson
frá Hvanneyri, hjúkrunar- og dvalarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi,

lést sunnudaginn 30. ágúst.
Útförin fer fram frá Reykholtskirkju laugardaginn 5. september kl. 14.00, að viðstöddum nánustu aðstandendum. Athöfninni verður streymt á www.kvikborg.is.

Fyrir hönd ættingja og vina hins látna,
Jónas, Hólmfríður, Líney, Hildur, Kristbjörg, Áslaug, Hermann Helgi og Eysteinn Traustabörn.

ÚTSALAN ER HAFIN!

FULL BÚÐ AF SPENNANDI ÚTIVISTARVÖRUM

Afsláttarborðin eru að sjálfsgöðu á sínum stað með enn betri kjörum!



Einnig fáanleg í barnastærðum

icebreaker®

30-50%

afsláttur

100% Merino ullarfatnaður. Stingur ekki, hlýrri og tekur ekki í sig lykt.



30-50%

afsláttur

OSPREY BAKPOKAR

Hágæða bakpokar
Eitt mesta úrval landsins!

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar
Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkaðabakpokar • Fjallaskíðabakpokar
Hjólakpokar • Ferðatöskur



30%

afsláttur

Svefnpokar, vindsængur, pottar,
pönnur, hita- og kælibrúsar,
broddar o.fl.



30-50%

afsláttur

FERRINO



30%

afsláttur

PeakPerformance®



GÖNGUSKÓR OG SANDALAR

20-50%

afsláttur

ALLAR  OG  VÖRUR
MEÐ GÓÐUM AFSLÆTTI

ggsport.is

Í vefverslun okkar má finna
meira úrval af vönduðum
vörum á frábæru verði!

GG-sport

 @ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartímar útsölu: virka daga 10:30-18, laugardag 11-18, sunnudag 12-17

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9 8 °C °C	2 10 °C °C	6 8 °C °C
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
7 3 °C °C	9 1 °C °C	3 10 °C °C

Snýst í norðan og norðvestan 10-18 með rigningu N- og A-lands, en þurrt SV-til. Hvessir einkum austan Örnefa, þar sem búast má við stormi og vaxandi úrkomu NA-til með slyddu eða snjókomu til fjalla. Hiti 5 til 14 stig, hlýjast S-lands en fer smám saman kólnandi.

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9 10 °C °C	4 6 °C °C	5 7 °C °C
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
6 5 °C °C	8 12 °C °C	1 15 °C °C

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8 1 °C °C	6 2 °C °C	0 1 °C °C
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
4 5 °C °C	11 1 °C °C	4 2 °C °C

LÉTT

			9		3		7
	2	4	7				6
	7		4			1	
		6			7	2	
	9	7			2		6
	3	8	1	6			
				5		4	2
3	6	1		4		5	
	5		3				

MIDLUNGS

	1	4		8			
				2	4		
						5	9
3	8		7	5		2	
			9		1	5	8
6				2			
	3		6				4
7	2		1		9		
5						1	

PUNG

1		9				8		5
		6					4	
	5	7					1	3
				4	6			9
	3		9					1
		2		5				
8				7	2			
	1							
	9	3				2		

Krossgáta

- LÁRÉTT**

 - 1 daufur
 - 5 vaska
 - 6 snæði
 - 8 ávöxtun
 - 10 ekki
 - 11 háma
 - 12 geð
 - 13 halarófa
 - 15 granaldin
 - 17 leika
- LÓÐRÉTT**

 - 1 viðbjóð
 - 2 vanþóknun
 - 3 sindurkol
 - 4 flytja
 - 7 hyrningur
 - 9 piparfugl
 - 12 bónbjargir
 - 14 þar til
 - 16 verkfæri

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 óskýr, 5 þvo, 6 et, 8 vextir, 10 el, 11 trapisa, 9 tókani, 12 snap, 14 uns, 16 al.
LÓÐRÉTT: 1 óþverra, 2 svei, 3 kox, 4 reida, 7 úða, 12 skap, 13 runa, 15 aanaas, 17 spila.

Skák Gunnar Björnsson

Dagur Ragnarsson (2396) átti leik gegn Gauta Páli Jónssyni (2046) á Íslandsmótinu í skák 27. f6! Dh5 28. Hh4 Dxh3 29. gxh4 Kh8 30. Bxh7 og hvítur vann nokkru síðar. Síðari hluta Íslandsmóts skákkfélaga sem átti að fara fram í október hefur verið frestað til vors. Meistaramót Skákkskóla Íslands fer fram um helgina. Skráningarfrestur rennur út kl. 20 í kvöld. Mótið er að hluta til úrtökumót fyrir EM ungmenna í netskák. www.skak.is: Meistaramót Skákkskólans.

Hvítur á leik



3	5	1	6	9	2	7	8	4
7	4	2	8	1	3	6	9	5
8	9	6	4	5	7	2	3	1
5	1	8	7	6	9	4	2	3
2	3	7	1	4	8	5	6	9
9	6	4	2	3	5	8	1	7
4	7	3	9	8	6	1	5	2
6	2	9	5	7	1	3	4	8
1	8	5	3	2	4	9	7	6

4	6	8	2	7	1	5	3	9
5	2	7	3	9	6	1	4	8
9	1	3	8	5	4	6	7	2
2	3	4	6	1	8	7	9	5
8	5	6	7	2	9	4	1	3
1	7	9	4	3	5	8	2	6
7	4	2	5	6	3	9	8	1
6	8	1	9	4	2	3	5	7
3	9	5	1	8	7	2	6	4

5	6	1	8	9	2	4	3	7
8	7	9	1	3	4	2	5	6
2	3	4	5	6	7	8	9	1
3	5	6	4	2	1	7	8	9
9	2	8	7	5	6	1	4	3
1	4	7	9	8	3	5	6	2
7	8	3	2	4	9	6	1	5
4	9	2	6	1	5	3	7	8
6	1	5	3	7	8	9	2	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ævintýraleið um Norðurland

demantshringurinn.is

ÍSLAND KOMDU MEÐ

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI

BÍLAR



Stuðarinn er meira áberandi á N-línunni og grillið fær N-merkingu.

Hyundai Kona sýnir sig

Búið er að frumsýna nýja andlitslyftingu á Hyundai Kona-jepplingnum. Grillið og endurhannaður stuðari eru aðalbreytingarnar ásamt þynnri dagljósum og nýjum aðalljósum. Aðeins er búið að endurhanna miðjustokkinn að innan, en þar er kominn nýr 10,25 tommu upplýsingaskjár. Bensínvélina er 1,6 lítra með forþjöppu og er nú 195 hestöfl, en einnig er 1,6 lítra dísilvél með tvinnbúnaði. N-lína verður í boði sem er með sportlegri línunum en heitari Kona kemur á markað seint á næsta ári með allt að 250 hestafla, tveggja lítra vél. Einnig er von á nýrri útgáfu Hyundai Kona Electric.



Ljós að aftan eru með glæru plasti og komnar nýjar 19 tommu felgur.

Land Cruiser fær nýja vél

Toyota hefur gert nokkrar breytingar á Land Cruiser-jeppanum og eru þær helstar að komin er aflmeiri 2,8 lítra dísilvél. Einnig hefur hann fengið léttu andlitslyftingu og meiri búnað. Vélin er af sömu stærð og áður, en hún var 174 hestöfl og með 450 newtonmetra tog. Aflið nú er 201 hestafl og 500 newtonmetrar og gerir það að verkum að upptakið batnar um tæpar þrjár sekúndur, en það er nú 9,3 sekúndur. Aðeins verða tvær útfærslur í boði, Active og Invincible, en dýrari gerðin verður aðeins faanleg með lengra hjólhafi og sjö sætum. Sú útgáfa fær líka meiri torfærubúnað eins og stillanlega loftfjöðrun, læst mismunadrif að aftan og akstursstillingar fyrir torfæruakstur yfir grjót.

Skoda Enyaq frumsýndur

Skoda hefur nú frumsýnt rafbíl sinn Enyaq, en hann er systurbíll hins væntanlega ID.4 frá Volkswagen. Bíllinn er væntanlegur á markað snemma á næsta ári og má búast við að hann komi hingað á vori komanda. Enyaq er 4.648 mm sem er aðeins 5 mm styttra en stærsti Skoda bíllinn Kodiaq. Hjólhafið er allgott eða 2.765 mm, enda hjólin frekar utarlega. Fyrstu tvær gerðirnar verða íV 60 með 62 kWst rafhlöðu og 420 km drægi og svo íV 80 með 82 kWst rafhlöðu og 510 km drægi. Von er á fjórhjóladrifinni útgáfu sem heitir 80x sem verður 261 hestafl, en sá aflmesti verður vRS sem skilar 302 hestöflum og er aðeins 6,2 sekúndur í hundraðið. Þær útgáfur koma á markað seinna á árinu.

» Skoda Enyaq er væntanlegur hingað til lands á næsta ári.

drifinni útgáfu sem heitir 80x sem verður 261 hestafl, en sá aflmesti verður vRS sem skilar 302 hestöflum og er aðeins 6,2 sekúndur í hundraðið. Þær útgáfur koma á markað seinna á árinu.



Grillið er með 130 díóðuljósum og hann kemur á 19-21 tommu felgum.

Er Mercedes-Benz S-línan fullkomið farartæki?

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Það getur verið álitamál hvort ný S-lína standi undir þeirri fullyrðingu Mercedes að hér sé um besta bíl í heimi að ræða. Eitt er þó víst, að tæknileg fullkominun hans er ekki á allra færi.

Á hádegi í gær frumsýndi Daimler sjöundu kynslóð flaggskipsins, S-línu, á netinu. Að sögn Mercedes er nýja S-línan einfaldlega „Besti bíll í heimi“, hvorki meira né minna. Bíllinn fer í sölu í desember á þessu ári í Evrópu. S-línan er fyrsti bíll Mercedes sem byggður er á nýrri kynslóð MRA-undirvagnsins. Þýðir það að von er á meiri tæknibúnaði í bílnum en við höfum séð áður, en það var ekkert lítið. Tvær útgáfur verða í boði fyrir Evrópumarkað, önnur með lengra hjólhafi. Grunngerðin er 5.179 mm að lengd sem er aukning um 54 mm. Meira fótapláss verður í nýja bílnum og farangursrýmið er 20 l stærra og fer í 550 lítra. Engar Coupe- eða Cabriolet-útgáfur verða í boði lengur, en vænta má Maybach-útgáfu á seinni stigum.

Ný S-lína verður með þriðja stigs sjálfkeyrslubúnað, sem þýðir að hann getur ekið sjálfur á hraðbrautum og í umferðarteppum. Hann mun líka geta lagt sjálfur eftir að ökumaður er farinn úr bílnum. Allar vélar bílsins við frumsýningu verða þriggja lítra



Grillið er stærra og uppréttara og með nýju Multibeam-díóðuljósum.

línusexur með forþjöppu, tvær bensínvélar með 48V-tvinnbúnaði og þrjár dísilvélar. Grunnútgáfan er S 350 d með 282 hestafla vél sem með afturhjóladrifi er 6,4 sekúndur í hundraðið. Öflugasti bensínbíllinn er S 500, sem með 429 hestafla vél er 4,9 sekúndur í hundraðið. Von er á V8-vél á næsta ári með 48V-tvinnbúnaði, auk tengiltvinnútgáfu sem kemst 100 km á hleðslunni. Að sögn Jónasar Kára Eiríkssonar, vörustjóra Mercedes hjá Öskju mun S-lína verða kynnt þegar verð á tengiltvinnútgáfunni liggur fyrir. „EQS verður þó í aðalhlutverki hjá okkur, en hann er væntanlegur haustið 2021.“



Það er kominn 12,8 tommu OLED-skjár, með nýja MBUX-stýrikerfinu.

FYRSTU ÁRIN

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um fyrstu ár barnsins kemur út miðvikudaginn 16. september.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




MENNING

Spenningur fyrir
Elenu Ferrante

Ný skáldsaga Elenu Ferrante, *Lygalíf fullorðinna*, er komin í bóka-búðir. Halla Kjartansdóttir þýðir bókina úr ítölsku og Benedikt gefur út. Bókin kom út á Ítalíu síðasta haust en kemur út um allan heim nú í byrjun september. Frakkar þjófstörtuðu reyndar og gáfu bókina út í júníbyrjun.

Félagar í bókaklúbbi Benedikts fengu bókina senda heim áður en bókin kom í bóka-búðir og um tíma bættust tíu til tuttugu manns í klúbbinn á hverjum degi, einungis vegna þess að þeir vildu ekki biða eftir að bókina kæmi í verslanir. Búast má við að þessi nýja skáldsaga Ferrante muni tróna ofarlega á met-sölulistum hér á landi næstu vikur.



Verk Æsu og Tinnu á sýningu Streaming Museum í New York.

Æsa Björk og
Tinna með verk á
Streaming Museum

Í síðustu viku var opnuð sýning hjá Streaming Museum í New York, sem er haldin í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar og í tilefni af 75 ára afmæli þeirra. Fimm verk sjö listamanna á Norðurlöndunum eru kynnt undir titlinum: Art's New Natures Digital Dynamics in Contemporary Nordic Art.

Verk Æsu Bjarkar glerlistakonu og Tinnu Þorsteinsdóttur tónlistarkonu, Shield I-III, eru þar kynnt. Verkin eru samsett úr gler-skúlpúr, heilabylgjum, vídeóum og hátölurum. Streaming Museum ritstýrir Centerpoint Now, útgáfu World Council of Peoples for the United Nations, sem verður gefið út fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og dreift á heimsvísu.

Verkaröðin Shield hefur vakið athygli undanfarin ár og hefur meðal annars unnið til Grand Prize verðlauna á Toyama International Glass Exhibition 2018 í Japan og verið sýnd í Danmörku, Noregi og nýjasta verkið, Shield III, var sýnt í Feneyjum meðan á 58. Tvíæringnum stóð árið 2019, sem hluti af samsýningu Karuizawa New Art Museum – Feneyjardeild, á Markúsartorgi.



Edda Halldórsdóttir er sýningarstjóri sýningarinnar Hér heima. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Margslungin verk meistara Kjarvals

Á Kjarvalsstöðum er sýning á landslagsverkum frá Íslandi eftir Jóhannes Kjarval. Sýningin spannar allan feril listamannsins. Eitt málverk er sýnt í fyrsta sinn.

Kolbrún

Bergþórsdóttir

kolbrunb@frettabladid.is



Sýningin Hér heima stendur yfir á Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum en þar eru sýnd verk eftir Jóhannes S. Kjarval. Sýningarstjóri er Edda Halldórsdóttir.

„Á þessari sýningu eru eingöngu landslagsverk frá Íslandi. Kjarvals-sýningin sem var á undan þessari hét Að utan og á henni voru einungis verk sem Kjarval gerði fyrir 1930 þegar hann var í útlöndum, í námi, námsferðum og rannsóknarferðum. Þessi sýning spannar allan ferilinn, allt frá því áður en hann fór í nám og seinasta verkið er unnið nokkrum árum áður en hann lagðist aldraður inn á spítala og vann ekkert eftir það. Öll verkin á sýningunni eru úr safneigninni, bæði verk sem hafa verið lítið sýnd og þekktari verk,“ segir Edda.

„Útgangspunkturinn var að á sýningunni yrðu ekki mannamyndir eða persónur og engar fantasíur, en verk Kjarvals eru gjarnan flokkuð í landslagsverk, mannamyndir og fantasíur. Verk hans eru hins vegar svo margslungin að það er endalaust hægt að koma auga á verur í þeim. Ég er búin að finna ýmsar verur sem ég hafði ekki áður séð í verkunum. Þetta er dæmi um það að verk Kjarvals koma alltaf á óvart og stöðugt má sjá eitthvað nýtt í þeim.“

Litbrigði stýra sýn

Sýningunni er skipt upp í salnum og í miðrýminu eru verk sem Kjar-



Sýningin spannar allan feril Kjarvals.



VERK KJARVALS
KOMA ALLTAF Á
ÓVART OG STÖÐUGT MÁ SJÁ
EITTHVAÐ NÝTT Í ÞEIM.

val vann fyrir 1930. „1930 er valið sem ártal vegna þess að þá urðu ákveðin kaflaskil í list Kjarvals þegar hann ákvað að gera íslenskt landslag að aðalviðfangsefni sínu. Hann vann úti við, ferðaðist víða um landið og eignaðist sína uppáhaldsstaði,“ segir Edda. „Í tveimur öðrum rýmum er rýnt í sjónarhorn Kjarvals á náttúruna. Annars

vegar eru myndir þar sem Kjarval rýnir niður í svörðinn og upphefur moldina, mosann og lítil smáatriði í jörðinni sem listamenn höfðu fram að því ekki veitt mikla athygli. Hins vegar eru verk þar sem hann horfir á sjóndeildarhringinn og við sjáum til dæmis Snæfellsjökul, Lómagnúp og ýmis kennileiti.“

Spurð hvort einhver svæði hafi verið Kjarval hugleiknari en önnur nefnir Edda Gálgahraunið á Álftanesi og Þingvelli. „Hann valdi sér sín svæði úti í hrauni, eins og til dæmis í Gálgahrauni, og átti sinn uppáhaldsklett sem hann málaði aftur og aftur. Á sýningunni eru verk af nákvæmlega sama myndefninu, maður sér sömu klettana, hraunstrýtuna og mosann, en þar eru misjöfn veðra- og litbrigði og þau stýra sýn hans.“

Saga á bak við verkið

Edda er spurð hvaða verk á sýningunni heilli hana mest. „Það er eitt verk sem mér þykir alltaf afskaplega vænt um sem heitir Haustlitir á Snæfellsnesi. Það er í rýminu sem sýnir okkur svörðinn og í því eru óskaplega fallegir rauðir litir. Það er skemmtileg saga á bak við verkið. Árið 1973 þegar Pompidou og Nixon hittust á Íslandi á leiðtogafundi þá funduðu þeir á Kjarvalsstöðum. Þetta verk var þá í einkaeigu en var fengið að láni til að hengja upp í fundarsalnum, þannig að það var í bakgrunni fjölmargra mynda af þeim.

Á sýningunni er líka nýjasta Kjarvalsverkið í safneigninni, keypt í fyrra, sem er af Svínahrauni. Það er mjög gaman að geta sýnt það í fyrsta skiptið,“ segir Edda.

Penninn

Eymundsson

SKATT FRI

03.09 - 07.09

FELLUM NIÐUR JAFNGILDI VIRÐISAUKASKATTS AF

ÖLLUM VÖRUM*

AUK ANNARA GÓÐRA TILBOÐA!

***GILDIR EKKI AF HÚSGÖGNUM**

***Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af sölu bóka, tímarita og tónlistar & 24% af öðrum vörum. Öll verðlækkun (9,91% & 19,35%) er alfarið á kostnað Pennans. Gildir ekki með öðrum tilboðum.**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Skattfrí gildir til og með 07. september og gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir ekki af húsgögnum. 5% vildarafsláttur bætist ekki ofan á önnur tilboð.

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál - sigildur þáttur
Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf.

20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.

21.00 21 - Fréttabáttur á fimmtudegi er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

21.30 Mennt og máttur Í þættinum eru viðtöl við starfsfólk Mímis, nemendur og forsvarsmenn fyrirtækja sem hafa nýtt sér þjónustu Mímis.

RÚV SJÓNVARP

13.00 Spaugstofan 2004-2005

13.25 Grænkeramatur

14.00 Upplýsingafundur Almannavarna

14.30 Kastljós

14.45 Menningin

14.55 Gettu betur 2012

15.50 Sætt og gott

16.10 Bækur og staðir

16.15 Sögustaðir með Evu Mariu

16.45 Myndavélar

16.55 Sirkussjómennirnir

17.25 Íþróttaaufrek Íslendinga

17.50 Tákn málsfréttir

18.00 KrakkaRÚV

18.01 Netgullið

18.25 Krakkar í nærmynd

18.41 Jörðin

18.50 Visindahorn Ævars

19.00 Fréttir

19.25 Íþróttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

19.50 Menningin

20.00 Ella kannar Suður-Ítalíu
Finnsku sjónvarpskonunni Ellu Kanninen er hér fylgt eftir á ferðalagi um Suður-Ítalíu þar sem hún kynnir sér staðhætti, menningu og nýtur rómaðrar matargerðar.

20.35 Í blíðu og stríðu – Sambúð eða vigsla? Norskir þættir þar sem fjallað er um hjónabandið í sögulegu samhengi. Það að við veljum okkur maka út frá ástinni er í raun tiltölulega nýtt í sögu hjónabandsins en lengst af voru það ættingjar, kirkjan og samfélagið í held sinni sem stýrðu því hverjir gengu í hjónaband.

21.05 Þýskaland '86

22.00 Tiufréttir

22.15 Veður

22.20 Lögregluvaktin

23.05 Skylduverk

00.05 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

07.05 PGA Tour 2020

10.00 European Tour 2020

12.00 AIG Women's British Open Official Film

13.00 European Tour 2020

16.00 PGA Special: Coming Home (Nicklaus)

16.40 PGA Highlights 2020

17.30 European Tour 2020 - Highlights

18.00 Golf with a Purpose Charity Challenge

20.00 PGA Tour: The Cut

20.25 PGA Tour 2019

00.55 European Tour 2020

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió

FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify

12.30 Dr. Phil

13.10 The Late Late Show

13.58 Black-ish

14.25 Broke

14.46 The Block

15.35 90210

16.30 Family Guy

16.50 The King of Queens

17.10 Everybody Loves Raymond

Gamanþáttaröð um Ray Barone og furðulega fjölskyldu hans.

17.35 Dr. Phil

18.20 The Late Late Show

19.05 American Housewife

19.30 The Unicorn

20.00 Almost Family Skemmtileg

þáttaröð um unga konu sem kemst að því að hún á fjölda hálf-systkina. Pabbi hennar er frægur frjósemislæknir sem notaði eigin sæði til að barna fjölda kvenna.

20.50 Get Shorty

21.45 Mr. Robot

22.35 Love Island

23.30 The Late Late Show

00.15 Hawaii Five-0

01.00 Blue Bloods

01.45 Nancy Drew

02.30 Charmed

03.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins

06.50 Morgunvaktin

07.00 Fréttir

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.00 Fréttir

09.05 Segðu mér

09.45 Morgunleikfimi

10.00 Fréttir

10.03 Veðurfregnir

10.13 Á reki með KK

11.00 Fréttir

11.03 Mannlegi þátturinn

12.00 Fréttir

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.40 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir

12.55 Samfélagið

14.00 Fréttir

14.03 Á tónsviðinu

15.00 Fréttir

15.03 Flakk

16.00 Síðdegisfréttir

16.05 Viðsjá

17.00 Fréttir

17.03 Lestin

18.00 Spegillinn

18.30 Hljómboxið

18.50 Veðurfregnir

18.53 Dánarfregnir

19.00 Sumartónleikar

20.35 Mannlegi þátturinn

21.30 Kvöldsagan: Sjálfstætt

fólk

22.00 Fréttir

22.05 Veðurfregnir

22.10 Samfélagið

23.05 Lestin

00.00 Fréttir

00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.45 The Art of Racing in the Rain

12.30 20th Century Woman

14.25 Mystery 101

15.50 The Art of Racing in the Rain

17.35 20th Century Woman

19.30 Mystery 101

21.00 Wedding Crashers

22.55 Red Dog: True Blue

00.20 55 Steps

02.15 Wedding Crashers

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn

08.15 Grey's Anatomy

09.05 Bold and the Beautiful

09.25 Gilmore Girls

10.05 The Mindy Project

10.30 Gossip Girl

11.10 Catastrophe

11.30 Maður er manns gaman

11.55 Sendiráð Íslands

12.35 Nágrannar

12.55 Sporðaköst 7

13.25 Golfarinn

13.55 Öbyggðirnar kalla

14.20 Leitin að uppruninum

14.55 Hið blómlega bú

15.30 Nancy Drew and the Hidden

Staircase

16.55 Mom

17.35 Bold and the Beautiful

18.00 Nágrannar

18.26 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.50 Sportpakinn

18.55 Ísland í dag

19.10 FC Ísland

19.35 Shipwrecked

20.25 Masterchef UK

21.00 Villiljós Fimmtudagsbíó: Í

Reykjavík nútímans stefnir allt í ósköp venjulegt kvöld þar til rafmagnið fer af...

22.25 NCIS: New Orleans

23.10 Real Time With Bill Maher

00.10 Grantchester

01.00 Pennyworth

01.55 Mr. Mercedes

02.50 Mr. Mercedes

03.40 Insecure

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Könnuðurinn Dóra

08.20 Mörgæsirnar frá Mada-

gaskar

08.45 Mæja býfluga

08.55 Áfram Diego, áfram!

09.20 Svampur Sveinsson

09.45 Stóri og Litli

09.55 Strumparnir

10.15 Skoppa og Skritla á póst-

korti um Ísland

10.30 Ævintýraferðin

10.40 Billi blikk

10.55 Könnuðurinn Dóra

11.15 Mörgæsirnar frá Mada-

gaskar

11.40 Mæja býfluga

11.50 Áfram Diego, áfram!

12.15 Svampur Sveinsson

12.40 Stóri og Litli

18.40 Gnomeo and Juliet

20.00 Friends

20.20 Friends

20.45 The Middle

21.00 DC's Stargirl 1

21.45 Næturvaktin

22.15 Humans

23.05 The Hundred

23.45 Friends

00.05 Friends

00.30 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

09.35 Keflavík - Grindavík

11.15 15. umferð

12.30 Kristianstad - Kopparberg/

Göteborg

14.15 Þróttur R. - Fylkir

15.55 Uppgjörspáttur Evrópu-

deildarinnar 2019/2020

16.50 Selfoss - Valur

18.55 NFL Hard Knocks: Los

Angeles

20.00 Pepsi Max Mörkin

21.00 Keflavík - Grindavík

22.40 Ítalska úrvalsdeildin - upp-

gjörspáttur 2019/2020

23.30 FH - KR

Mjólkurbikarinn

MJÓLKURBIKAR KVENNA
8 LIÐA ÚRSLIT

Í DAG 16:50



Í DAG 16:50



SPORT

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

HVER VANN?

Sportið á frettablaðið.is færir þér allar nýjust fréttirnar úr heimi íþróttanna.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



iPhone 11

Verð frá
139.990 kr. staðgreitt



30 daga
áskrift að
Stöð 2
Marabon
fylgir

50 GB
fylgja

Gjafabréf í
VR flóttaleiki
fylgir

Vertu í betra sambandi í haust



50 GB
fylgja

30 daga
áskrift að
Stöð 2
Marabon
fylgir

Gjafabréf í
VR flóttaleiki
fylgir

Samsung Galaxy S20

Verð frá
159.990 kr. staðgreitt




50 GB
fylgja

30 daga
áskrift að
Stöð 2
Marabon
fylgir

Gjafabréf í
VR flóttaleiki
fylgir

Samsung Galaxy A71

Verð frá
74.990 kr. staðgreitt



50 GB
fylgja

30 daga
áskrift að
Stöð 2
Marabon
fylgir

Gjafabréf í
VR flóttaleiki
fylgir

OnePlus Nord 128GB/8GB 5G

Verð frá
84.990 kr. staðgreitt

Samsung Galaxy A51

Verð frá
64.990 kr. staðgreitt



50 GB
fylgja

30 daga
áskrift að
Stöð 2
Marabon
fylgir

Gjafabréf í
VR flóttaleiki
fylgir



Glæsilegir kaupaukar fylgja

Aðgangur í VR flóttaleiki í Smárabíó*
og 30 daga aðgangur að Stöð 2 Marabon fylgir.
Kynntu þér vöruúrvalið á Vodafone.is

*Tilboðið gildir meðan birgðir endast

 **vodafone**

Annus horribilis í stuðstreymi

Þrátt fyrir algjörlega ömurlegt COVID-árferði stefnir í merkilega fjörugt haust á streymisveitunum þótt það segi vissulega sína sögu að tilefni þykir til þess að bregða hinum 24 ára gamla spéspegli Spitting Image á árið 2020.

Allur sá andskoti sem COVID-19 hefur kall- að yfir heimsbyggð- ina stöðvar ekki myllur affreyingar- bransans sem mala hægt en örugglega, þannig að þrátt fyrir allt litur út fyrir hressilegt sjónvarpshaust þegar streymis- veiturnar skrífa frá nýju efni.

Elisabet Englandsdrottning og afkomendur hennar verða áberandi í flóðinu þar sem Netflix heldur áfram með The Crown, auk þess sem breska ádeilugrinið og leirsteypan Spitting Image ris upp af 24 ára dvala og bregður kærkomnum spéspegli á hið annars ömurlega ár 2020 sem

hlýtur að toppa 1992, jafnvel í huga drottningarinnar sem lýsti því á sínum tíma sem „annus horribilis“.

Bresku þættirnir Spitting Image nutu mikilla vinsælda á meðan leir- figúruginn þeirra hélt út frá 1984 til 1996. Þættirnir rötuðu meira að segja til Íslands í árdaga Stöðvar 2 og voru kallaðir Spéspegill.

Þar fóru þau til dæmis mikinn Ronald Reagan, Margaret Thatcher og Sylvester Stallone svo einhverjir séu nefndir. En nú er öldin önnur og það segir sitt um ástandið að ákveðið hafi verið að dusta rykið af spéspegl- inum.

Framleiðendurnir hafa lýst því yfir að þar sem heimurinn fari stöðugt

minnkandi um leið og hann verði óstöðugri sé ekkert jafn viðeigandi og að heimsviðburðir séu teknir goðsagnakenndum tókum breskrar satíru.

Meðal þeirra sem fá nú á leirbauk- inn í Spitting Image eru vitaskuld Donald og Melania Trump, Boris Johnson, Harry og Meghan, Bey- oncé, Pútín, Adele, Greta Thunberg, Jurgen Klopp og Bernie Sanders að ögleymdri Kim Kardashian.

Þættirnir eru væntanlegir í haust á Britbox, sameiginlega efnisveitu BBC og ITV, og líklegt er að áhuga- samir muni þurfa að nálgast þá eftir krókaleiðum. Í það minnsta til að byrja með. toti@frettabladid.is



Emma Corrin leikur prinsessu fólksins, Diönu Spencer, sem fær loksins sín sögulegu augnablik í The Crown.



Gillian Anderson, sem þekktust er sem Dana Scully í X-Files, þykir sláandi lík Margaret Thatcher í The Crown.

Krúnuleikar kjarnorkukvenna

Varla þarf að fjölyrða um miklar vinsældir The Crown en hafi áhugi einhverra á daglegu amstri og tilfinningabrölti bresku konungs- fjölskyldunnar dalað, þá er vægast sagt líklegt að það breytist 15. nóvember þegar Netflix teflir þessu krúnudjánsi sínu fram í fjórða sinn.

Krúnileikar Elisabetar II. hefjast nefnilega á níunda áratugnum í þessari seríu, en 80's-ið var vægast

sagt viðburðaríkt í lífi þjóðar og hirðar og nú er loksins komið að því að Margaret Thatcher og Diana prinsessa stígi fram á sviðið en þær ólíku kjarnorkukonur hafa vitaskuld báðar skilið eftir sig djúp spor í sögunni.

Fram undan eru konunglegt brúðkaup í forsætisráðherratið Járnfrúarinnar auk þess sem prins- arnir tveir Vilhjálmur og Harry líta dagsins ljós.

Olivia Colman og Tobias Men- zies eru enn í hlutverkum Elisa- betar drottningar og eiginmanns hennar og Helena Bonham Carter heldur áfram sem hin óhamingju- sama Margrét prinsessa. Þá endurtaka Ben Daniels, Charles Dance og fleiri rullur sínar. Athygli og áhugi flestra verður þó án efa fyrst og fremst á nýliðunum Emma Corrin og Gillian Anderson í hlutverkum Diönu og Thatcher.



Sarah Paulson ræðst ekki á skúrkagardinn þar sem hann er lægstur þegar hún setur upp kappu Ratched.



Fletcher varpar stórum skugga sem Ratched í Gauks- hreiðrinu sem Milos Forman byggði á bók Kens Kesey.

Skrímslið í geðheilbrigðiskerfinu

Hjúkrunarfræðingurinn Mildred Ratched er eitt magnaðasta ill- menni kvikmyndasögunnar og sjálfsgagt ögleymanleg öllum þeim sem hafa séð Louise Fletcher fara hamförum í Óskarsverðlauna- túlkun sinni á henni í One Flew Over the Cuckoo's Nest frá 1975.

Þar gerði Ratched Jack Nichol- son í hlutverki R.P. McMurphy og fleiri andlega veikum skjólstað-

ingum sínum, lífið óendanlega leitt á geðveikrahælinu sem kennt er við Gaukskhreiðið.

Netflix veðjar á forna frægð alræmdrar persónunnar og Ryan Murphy, höfund American Horror Story-þáttanna, í þáttunum Ratched, sem byrja að streyma frá efnisveitunni 18. september.

Leikkonan Sarah Paulson leggur að þessu sinni til atlögu við per-

sónuna sem Louise Fletcher sló svo eftirminnilega eign sinni á og leikur Ratched á yngri árum en þættirnir eru hugsaðir sem einhvers konar sköpunarsaga Ratched, þar sem væntanlega verður reynt að varpa ljósi á hvernig hún varð að því skrímsli sem síðar misnotaði stöðu sína í Gaukskhreiðrinu til þess að niðast á geðveikum.



Mátturinn hefur heldur betur verið með Mando og krúttlega Yoda-barninu.

Sameiningartáknið

Stjörnustríðsaðdáendur voru einhver samstilltasti og þéttasti hópur sem sögur fara af áður en Disney tókst á örfáum árum og með nýjum Star Wars-þríleik að tvístra þeim í andstæðar fylkingar, sem hatast aðallega heitt og inni- lega á samfélagsmiðlum.

Þrátt fyrir þetta náðist í fyrra nokkuð almenn sátt um að sjón- varpsþættirnir The Mandalorian væru býsna gott og ferskt Stjörnu- stríð reist á hinum trausta og gamla grunni sem George Lucas lagði.

Mannaveiðarinn dularfulli í Boba Fett-búningnum virkaði full-

komlega í vestrafíling þáttanna og blessað Yoda-barnið bræddi beiskustu nördahjörtu með sínum ómótstæðilegu krúttleg- heitum.

Fyrsta þáttaröð endaði á há- spennupunkti þar sem illmennnið Gideon stórmoffi tendraði hvorki meira né minna en skuggageisla- sverð til alls líklegur. Sem betur fer var tókum á framhaldinu svo gott sem lokið áður en COVID skall á, þannig að framhaldið hefst á Disney+ í október og ekki dregur það úr eftirvæntingunni að leik- konan Rosario Dawson bætist nú í hópinn.



Konan eina í strákagenginu ásamt hinum rustunum sem kenndir eru við The Boys-gengið og er ekkert heilagt þegar berja þarf niður eittraðar ofurhetjur.

Subbulegur samtímaspegill

Ofurhetjubanarnir sem kenna sig við The Boys, þrátt fyrir að sú skæðasta í hópnum sé kona og aldrei kölluð annað en The Fe- male, skrífa frá hauststreyminu strax á morgun á Amazon Prime.

Fyrsta sería þáttanna, sem byggja á samnefndri myndasögu eftir Garth Ennis, gerði stormandi lukku í fyrra og lauk í mikilli spennu og bullandi óvissu þannig að margir hafa beðið spenntir eftir framhaldinu sem hermt er að sé alveg jafn óheflað og gefi því sem á undan er komið ekkert eftir þegar galsafenginn hasar, spenna og grafískt ofbeldi eru annars vegar.

Myndasaga Ennis gerist milli

áranna 2006 og 2008 og gengur út frá því að ef ofurhetjur væru raun- verulega á meðal okkar væru þær að sjálfsögðu í krafti yfirburða sinna, gerspílltar og viðbjóðslegar skepnur sem hefja sig yfir lög og mannréttindi.

Þættirnir leggja út af þessu og er um leið greinilega ætlað að varpa ljósi á og endurspegla ástandið í Bandaríkjunum og þann háskalega samruna rótgróins íhalds og öfga hægristefnu og kynþáttahyggju sem hefur lítað alla pólitíska um- ræðu undanfarin ár.

Amazon Prime sýnir nýjan þátt á hverjum föstudegi frá og með 4. september þar til yfir lýkur þann 9. október.

Vinir 2 fyrir 1 af öllum Icwear dúnjökkum í september



Það er einfalt að gerast vinur á icwear.is



EMMA Dúnjakki
með og án hettu
kr. 15.990.-



ERIK Dúnjakki
með og án hettu
kr. 15.990.-



BRÁ Síður dúnjakki
kr. 24.990.-



BRANDUR Dúnjakki með hettu
kr. 22.990.-



BRÁ Dúnjakki með hettu
kr. 22.990.-



ESJA Léttur dúnjakki
kr. 19.990.-



ESJA Dúnkápa
kr. 21.990.-

JUSTIN Léttur dúnjakki
kr. 16.990.-

JANET Léttur dúnjakki
kr. 16.990.-



EGILL Léttur dúnjakki
kr. 19.990.-



KJALAR Jakki með hettu
kr. 15.990.-



KRÍA Jakki með hettu
kr. 15.990.-



EIR Barnastærðir
kr. 11.990.-



KRINGLAN · SMÁRALIND · LAUGAVEGUR 91 · FÁKAFEN 9
AKUREYRI · VÍK · VESTMANNAEYJAR

icwear.is

ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA

Dagskráin á Hringbraut



Fasteignir og heimili

Þátturinn **Fasteignir og heimili** á
Hringbraut alla **mánudaga kl. 20.30.**

Fjölbreyttur þáttur um fasteignir,
heimili, húsbúnað, matargerð, húsráð, lífstíl
– **allt sem við kemur heimilum og
fasteignum** og umhverfi þeirra. **Sjöfn
Þórðar** fær til sín **fagfólk** og áhugaverða
viðmælendur til að **fræða áhorfendur**
um fjölbreytt viðfangsefni fasteigna og
heimila.

Þátturinn er í boði

Íslandsbanka



**FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING** á Hringbraut
og hringbraut.is



Fylgstu með!



Ekkert er sorglegra en manneskjan, er fyrsta ópera Friðriks í fullri lengd. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Það er gaman að snúa upp á væntingar fólks

Friðrik Margrétar-Guðmundsson frumsýnir verkið **Ekkert er sorglegra en manneskjan** í Tjarnarbíói nú á sunnudaginn. Verkið samdi Friðrik í samstarfi við félag sinn **Adolf Smára Unnarsson**.

Tónskáldið Friðrik Margrétar-Guðmundsson frumsýnir nú á sunnudaginn verkið **Ekkert er sorglegra en manneskjan**, sem hann vann í samstarfi við **Adolf Smára Unnarsson**. Friðrik hefur fengist við ýmsar tónsmíðar fyrir leikhús, dansverk, gjörninga og myndlist auk þess að semja hljóðfæratónlist, kórtónlist og hljóðverk. Verk hans hafa verið flutt víðs vegar um Evrópu og Ísland, meðal annars af Ensemble Recherche í Freiburg og Dómkórnum í Reykjavík.

Ekkert er sorglegra en manneskjan er fyrsta ópera Friðriks í fullri lengd en í febrúar gaf hann út verkið **Skipholt**, sem var útskriftarverk hans úr Listaháskólanum. Á síðustu árum hefur Friðrik átt í samstarfi við hljómsveitina **Hatara** og hefur komið fram með henni á tónleikum og á plötunni **Neyslutrans**.

„Ekkert er sorglegra en manneskjan er samtímaópera um leitina að hamingjunni. **Adolf** samdi textann og leikstýrir verkinu. Við fengum hugmyndina eftir að við unnum saman að lokaverkinu hans **Adolfs** úr **LHÍ**, þar sem ég samdi tónlistina. Það var leikverk, en í nokkrum atriðum sungu leikararnir saman sálma og það fannst okkur mest spennandi partur sýningarinnar,“ segir Friðrik.

Spennandi miðill

Í kjölfarið ákváðu þeir að næsta verk skyldi vera ópera með klassískum söngvurum í stað leikara.

„Við töluðum við söngvarana mjög snemma. Þetta eru allt krakkar á okkar aldri sem ég hef unnið með í ýmsum verkefnum. Þau eru öll með reynslu í klassískum óperusöng, en voru mjög til í að gera eitt hvað nýtt og spennandi við þennan miðil,“ segir hann.

Óperan er gamalt og rótgróið form sem vekur strax upp mjög

**Í NÚTÍMASAMFÉLAGI
ER INNRI RÓ MARK-
AÐSSETT SVO ÓTRÚLEGA MIKIÐ,
KANNSKI EKKI ÓLIKT ÞVI
ÞEGAR FÓLK KEYPTI SYNDA-
AFLAUSNABRÉF Á MIÐÖLDUM,
VIÐ KAUPUM ÖPP Í SÍMANN OG
SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR.**

skýrar, fyrirframgefnar hugmyndir um hvað sé að fara að gerast, að sögn Friðriks.

„Þess vegna er gaman að snúa upp á væntingar fólks. Óperan er af mörgum talin hátindur fegurðar innan vestrænnar menningar og á sama tíma ekki mjög pólitískt form. Það er spennandi að nýta formið til að varpa fram okkar sýn á þessar stærstu og elstu spurningar mannsins „Hvað er hamingjan?“ og „Hvernig verð ég hamingjusamur?“ án þess að koma með áfellsdóm á spurninguna eða lausn á vandamálinu,“ segir Friðrik.

Innri ró er markaðssett

Ferlið er búið að spanna um það bil ár, en fyrstu hugmyndir kviknuðu í september í fyrra.

„**Adolf Smári** byrjaði á að semja einhverja texta en fókuspunkturinn til að byrja með voru myndirnar sem settar eru upp á sviðinu. Þar sem verkið er póst-dramatískt, það er að segja fylgir ekki söguþræði, erum við mest að vinna með táknmyndir og ólinulega framvindu. Við sjáum fjórar figúrur ráfa um marmaragólf með ferðatöskur, hjá þeim á sviðinu er bekkur og stór kassi sem er sveipaður dúk sem á stendur „opnar bráðum“. Svo brjótast þau stöku sinnum út í söng, annaðhvort saman eða í sitt hvoru lagi.“

Textarnir eru bæði frumsamdir en líka teknir úr sjálfshjálparbókum, jógaæfingum og miðaldabókmenntum.

„Í nútímasamfélagi er innri ró markaðssett svo ótrúlega mikið, kannski ekki ólíkt því þegar fólk keypti syndaaflausnabréf á miðöldum, við kaupum öpp í símann og sjálfshjálparbækur. Nema leitinni að hamingjunni er í dag beint inn á við,“ segir Friðrik.

Gott samstarf

Tónlistin segir hann að vísi á sama tíma í tónbókmenntirnar en aðaluppspretta innblástursins sé í kirkjutónlist.

„Svo reyni ég að skjóta henni saman við það sem ég túlka sem hliðrænu kirkjutónlistar í samtímanum, nýaldar- og ambient-tónlist. Mér fannst líka áhugavert að reyna að taka svolítið epíkina úr óperunni, það eru mjög fá augnablik í sýningunni þar sem söngvarar fá að tjá tilfinningar sínar og tónlistin er lágstemmd og hægfljótandi, það er smá leikur í því að snúa upp á væntingar hlustandans,“ segir hann.

Friðrik segir þá **Adolf** hafa kastað sín á milli hugmyndum í byrjun.

„Hann sýndi mér einhverjar þælingar og texta sem hann var að vinna með og ég samdi við það tónlist og sýndi honum og hann vann svo meiri texta út frá því og þannig mótaðist þetta hægt og hægt. Ég þurfti að semja tónlist sem auðvelt væri að endurtaka eða taka út frekar frjáltslega, það endaði auðvitað með því að þetta var eiginlega mest samið í rosa stressi á lokametrunum. En þetta kom allt saman á endanum, enda erum við að vinna með frábærum söngvurum og hljóðfæraleikurum.“

Ekkert er sorglegra en manneskjan er frumsýnt í Tjarnarbíói á sunnudaginn. Miða á verkið er hægt að nálgast á tix.is.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 550 5050: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigrós Órn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Órn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is, FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

ht.is

RISA

ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

LÝKUR UM HELGINA!

TAKMARKAÐ
MAGN!
SJÁDU ALLT
ÚRVALIÐ Á HT.IS



Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR AKRANES

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!

TAXE

AF ÖLLUM VÖRUM* Í ÖLLUM VERSLUNUM DORMA



www.dorma.is

**SENDUM
FRÍTT**

NATURE'S REST LUXURY

heilsurúm með Classic botni

VERÐDEMI



160 x 200 cm Nature's Rest Luxury
heilsudýna á Classic botni: Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins 80.565 kr.

C&J SILVER

stillanlegt rúm

VERÐDEMI



2 x 90 x 200 cm stillanlegt C&J Silver rúm
með Nature's Rest Luxury heilsudýnu: Fullt verð: 337.800 kr.

Aðeins 272.419 kr.

BUFFALO

Rafdrifinn lyftistóll

VERÐDEMI



Fullt verð: 179.900 kr.

Aðeins 145.081 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DRÖMMA

Láttu drauminn rætast

EKKI MISSA AF
ÞESSU

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

TAMPA
tungusófi



Fullt verð: 129.900 kr.

Aðeins 104.758 kr.

S-BEDDING
dúnsæng



Fullt verð: 12.900 kr.

Aðeins 10.476 kr.

LICATA
2ja sæta sófi



Fullt verð: 119.900 kr.

Aðeins 96.694 kr.

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum nema vörum frá Simba. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

DORMA

Láttu drauminn rætast

BAKÞANKAR

Kolbeins
Marteinssonar



Samtímasaga

Sólin skín, augun opnast og nývaknaður áttar maðurinn sig á því að það er heill dagur fram undan. Hann er enn dauðþreyttur. Samt læðist hann á fætur til að vekja ekki aðra fjölskyldu-meðlimi sem engum skyldum hafa gegna þennan sumardag.

Ekkert frekar markvert gerist í lífi þessa manns fyrr en hann stendur við kaffivélina í vinnunni í sameiginlegri kaffistofu nokkurra fyrirtækja og bíður fyrsta kaffibollans.

Hann hefur enn ekki sagt orð frá því hann vaknaði og er ekki tilbúinn í mannleg samskipti. Það er honum því léttir að enginn er í sólbakaðri kaffistofunni.

Skyndilega ber að eldri mann sem hann hefur ekki séð áður. Sá býður góðan dag og fullyrðir svo glaðlega „að veðrið sé allt of gott, það sé varla vinnandi vegna góðviðris“. Þreytta manninum er brugðið og hann svarar hugsunarlaust: „Ég hefði nú haldið að maður á þínum aldri vissi að gott veður endist sem betur fer aldrei lengi hér á landi.“ Sá gamli skellir upp úr og svarar um hæl: „Já, það er líka eins gott, annars yrði maður fljótt leiður á sólinni,“ og gengur í burtu. Skyndilega finnur þreytti maðurinn gleði seytle frá hjartanu og bros færist yfir andlitid.

Rannsóknir hafa sýnt að hamingja okkar er nátengd samveru og samskiptum við annað fólk. Því meiri samskipti, því betra. Auðvitað eigum við að rækta innihaldsrík samskipti við vini og ástvini en það er líka heilmikið fengið með yfirborðskenndri og skemmtilegri samveru við ókunnuga. Við eigum því að leggja okkur fram um að spjalla við annað fólk þótt við þekkjum það ekki. Þess vegna er lag að hefja þennan dag á því að bjóða góðan dag og helst að fitja upp á samræðum við ókunnuga. Góðan dag.

Fyrir svanga
ferðalanga

Kvikk
ON THE GO

ORKAN

NÓA
TRÍTILAR
VEGAN - 150 G

249
KR/STK
1600 KR/KG



Kvikk
ON THE GO

ORKAN

BYKO

Nýtt
blað

á byko.is

Fjöldi
tilboða

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



GROHE



Tilboðsverð

Handlaugartæki
Start Edge
10.795
15323580
Almennt verð: 13.495

20%



Tilboðsverð

Baðtæki
Grotherm 1000C
29.995
15334323
Almennt verð: 39.995

25%



damixa™
When design makes sense

Tilboðsverð

Sturtusett
Pine flex
9.670
15576668
Almennt verð: 12.895

25%

LAGERHREINSUN

Sjá fleiri tilboð á byko.is

Hjól / Rafmagns- og bensínaröverkfæri / Valdar flísar og parket / OS kuldagallar / Valdar Snickers vörur

30%

NAPOLEON GRILL

BYKO

GERUM PETTA SAMAN















20%
REGNFÖT

20%
JÁRNHILLUR

20%
HÁPRÝSTIDÆLUR

20%
LOFTPRESSUR

Auðvelt að versla á byko.is